





**TILBOÐ**  
**2 ltr. Coke**  
**kr. 169,-**

HAFNARSTRÆTI 7 SÍMI 456 3166

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
 til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu  
 • Lánsúmsókn á netinu

**Íbúðalán.is**  
 www.ibudalan.is





Afgreiðsla  
 Landsbankans  
 í Neista er opin  
 fimmtudaga og  
 föstudaga  
 frá kl. 16-18  
 Sími 410 8119



Landsbankinn  
 Sími 410 4156  
 Fax 410 3018



**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 26. janúar 2005 · 4. tbl. · 22. árg.

## Gjaldprotum fækkar

Beiðnum til gjaldprotaskipta sem bárust Héraðsdómi Vestfjarða fækkaði nokkuð mikið milli ára 2003 og 2004. Á nýliðnu ári voru þær 47, en voru 69 árið 2003 og hafði þá fjölgað á hverju ári frá 2000 þegar þær voru 33. Á síðasta ári voru 24 gjaldprotáurskurðir, 19 meðal fyrirtækja en 5 meðal einstaklinga.

Ekki hafa jafn fáir einstaklingar verið úrskurðaðir gjaldprotá síðan árið 2000. Heildarfjöldi mála sem tekin voru fyrir hjá dómnum var nokkru minni á síðasta ári en 2003. Á síðasta ári voru tekin fyrir 339 einkamál, en árið áður voru þau 392. Þá voru tekin fyrir 224 sakamál, en árið 2003 voru þau 308.

– halfdan@bb.is

## Sekt fyrir fíkniefni

Sautján ára maður búsettur í Hafnarfirði var í Héraðsdómi Vestfjarða á föstudag dæmdur til greiðslu 150 þúsund króna sektar fyrir að hafa haft í förum sínum rúmlega 54 grömm af hassi, ætlað til einkaneyslu.

Hassið fannst í farangri mannsins á Ísafjarðarflugvelli í sumar. Þá var hann dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar og þarf að sæta upptöku á hassinu sem haldlagt var við rannsókn málsins. Þegar brotið var framið var ákærði á ákærufresti vegna ætlaðs brots á hegningarlögum.

Við ákvörðun refsingarnar var hins vegar litið til skýlausar játningar ákærða, ungs aldurs og viðleitni hans til að leita sér aðstoðar vegna vímuefnavanda síns.

– halfdan@bb.is



Höfuðstöðvar 3X-Stál við Sindragötu á Ísafirði.

# Lögbann sett á notkun og sölu á fiskflokkunarvél 3X Stáls hf

Sýslumaðurinn á Ísafirði varð á föstudag við þeirri beiðni Vélsmiðjunnar Style í Garðabæ að setja lögbann á framleiðslu, sölu og notkun á fiskflokkunarvél sem fyrirtækið 3X Stál á Ísafirði hafði framleitt. Frá þessu var greint í Morgunblaðinu á mánudag. Telur Style sig vera með einkaleyfi á hluta af búnaði vélarinnar. Ein vél var komin í notkun hér á landi, hjá HG í Súða-

vík. Sem tryggingu í málinu lagði Style fram 10 milljónir króna, sem er svipað og andvirði einnar flokkunarvélar.

Forráðamenn 3X Stál fóru á föstudag fram á það við sýslumann að lögbanninu yrði aflétt, lögðu fram frekari gögn máli sínu til stuðnings.

Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Stáls, segir fyrirtækið líta svo á að málinu sé ekki lokið. Það sé enn til

meðferðar hjá sýslumanni, sem hafi kallað málsaðila til fundar við sig. Að sögn Egils Ragnarssonar, stjórnarformanns Style, hefur fyrirtækið framleitt um 90 flokkunarvélar og þar af eru um 30 í notkun hér á landi, bæði í landvinnslu og um borð í frystiskipum. Hann segir fyrirtækið hafa fjölda einkaleyfa fyrir sinni framleiðslu, bæði hér á landi og erlendis. Auk Íslands hafa

vélarnar verið seldar til Rússlands, Japans, Skotlands, Kanada, Bandaríkjanna og fleiri landa. Egill segir það liggja ljóst fyrir að Style muni höfða dómsmál á hendur 3X Stáli. Bendir hann á að norskt fyrirtæki hafi fyrir nokkrum árum verið með áform um framleiðslu á svipaðri vél og Style er með en þegar sýnt var fram á einkaleyfi Garðabæinga hættu Norðmennirnir við áform sín.

## Fjölgun nema í Menntaskólanum á Ísafirði

# Meiri en í öðrum skólum

Á árunum frá 2001 til 2004 fjölgaði skráðum nemendum við Menntaskólanum á Ísafirði úr 342 í 438 eða um rúm 28%. Á sama tíma fjölgaði skráðum nemum í skólum á framhaldsskólastigi á landinu um tæp 17% að meðaltali. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Á þessum árum fjölgaði körlum í MÍ úr 147 í 186 eða

um 26,5% og konum fjölgaði úr 195 í 252 talsins eða um rúm 29%. Í dagskóla fjölgaði nemum úr 277 í 339 og íkvöldskóla úr 65 í 99 talsins. Á síðasta ári voru samtals 23.824 nemar skráðir til náms í skólum á framhaldsskólastigi á landinu og hafði þeim fjölgað úr 20.374 árið 2001 eða um tæp 17%.

– hj@bb.is



Menntaskólinn á Ísafirði.

úrval  
 Samkaup

## OPIÐ:

virka daga  
 kl. 09 - 21  
 laugard. 10-21  
 sunnud.  
 kl. 12 - 21  
 Verið  
 velkomin!

Samkaup úrval  
**NEISTA**  
 HAFNARSTRÆTI 9-13  
 SÍMI 456 5460

## INNANLANDS er...

öflugasta flutingsvæðing á Íslandi. Við höfum samráð með flutningsvæðingum í flytjandi, gæmslu og útskriftum um land allt í öðrum flutningsvæðingum. Við bjóðum ódýrgæra ferðir og ófluga ódýringarþjónustu bæði fyrir fjölskyldur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og erum leiðandi í flutningum á koddum og trytum aluðum.



## Foreldrar leikskólabarna biðja um endurgreiðslu

Foreldrar leikskólabarna í Ísafjarðarbæ hafa beðið um endurgreiðslu leikskólagjalda eins dags, vegna fjarvista ófaglærðs starfsfólks á leikskólum sveitarfélagsins þann 21. desember. Beiðnin var tekin fyrir á fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar á dögunum.

Allir ófaglærðir starfsmenn tilkyntu veikindi þennan tiltekna dag og fór ekki á milli mála að um var að ræða samræmdar aðgerðir til að mótmæla því sem starfsmenn kölluðu seinagang bæjaryfirvalda við að greiða laun samkvæmt nýju starfsmati. Fræðslunefnd vísaði málinu til bæjarráðs. — *thelma@bb.is*

## Flateyringur tekur þátt í vetrarólympíuhátíð í Sviss

Arnar Björgvinsson frá Flateyri tekur þessa dagana þátt í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fer fram í Monthey í Sviss og lýkur 29. janúar, en hann æfir skíðagöngu með Skíðafélagi Ísfirðinga. Að þessu sinni munu átta keppendur taka þátt í hátíðinni fyrir hönd Íslands, sex í alpagreinum og tveir í skíðagöngu.

Skíðasamband Íslands sá um val á íslensku keppendum en gert er ráð fyrir því að alls muni 1.200 þátttakendur taka þátt í hátíðinni sem verður nú haldin í sjöunda sinn. Með í för verða þjálfararnir Árni Geir Ómarsson og Sigurgeir Svavarsson auk sjúkrahjálfrans Mundínu Kristinsdóttur. Aðalfararstjóri verður Benedikt Geirsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ.

## Fjölbreytt námskeið á nýju ári hjá Fræðslumiðstöðinni

Mikið úrval námskeiða verður í boði á vorönn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða en starfsemin á nýju ári er nú að komast á fullt skrið. Blöðungum verður bráðlega dreift í fjórðungnum og þar kynnt þau námskeið sem eru á döfinni.

Meðal námskeiða sem eru að hefjast má nefna tölvunámskeið fyrir byrjendur, myndvinnslunámskeið, súpugerð, vírusvarnarnámskeið, þýskukennslu á Hólmavík, framhald á tölvunámskeiði fyrir eldri borgara, spænska og enska. Spænsku og enskunámskeiðin eru haldin í samvinnu við BSRB en eru öllum opin. Frekari upplýsingar um þessi námskeið og önnur námskeið sem komin eru á dagskrá má finna á heimasíðu Fræðslumiðstöðvarinnar, [frmst.is](http://frmst.is). — *thelma@bb.is*

## Beiðni um aðstöðu fyrir ferðaþjónustubát hafnað

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur hafnað beiðni Ferðaþjónustunnar Grunnavík um aðstöðu fyrir ferðaþjónustubát sem verða mun í siglingum milli Ísafjarðar og Grunnavíkur. Sem kunnugt er hefur hafnarstjórn skapað tveimur ferðaþjónustufyrirtækjum hafnaraðstöðu í Ísafjarðarhöfn fyrir báta fyrirtækjanna, síðast árið 2002.

Ferðaþjónustan Grunnavík rekur m.a. gistihús í Grunnavík. Hafnarstjórn hafnaði beiðni fyrirtækisins á þeirri forsendu að ekki væri sótt um legupláss fyrir ákveðinn bát eins og segir í bókun stjórnarinnar. Var umsækjanda bent á að erindið komi aðeins til álita sé sótt um fyrir ákveðinn bát með farþegaleyfi.



## Tveir jarðrakan frá Vestfjörðum sjást á Írlandi

Tveir jarðrakanar sem voru litmerktir í Dýrafirði og Önundarfirði árið 2003 sást við Cork á Írlandi í september. Annar þeirra er kvenfugl og hefur litaröðina GYOO og var merktur við Holt í Önundarfirði 2003. Hún sást í sumar ásamt litmerktum maka sínum við Holt.

Karlfugl sem var litmerktur við Læk í Dýrafirði 2003, sást einnig við Cork á Írlandi í september. Hlaut hann nafnið Zophanús á sínum tíma. Hann sást í janúar á síðasta ári við Dublin á Írlandi. Jarðrakanar eru farfuglar og nýlegir varpfluglar á Vestfjörðum en eiga vetrarheimkynni á meginlandi Evrópu.



Jaxlinn kemur að bryggju við Sundahöfn á Ísafirði.

**Sæskip ehf. sem rekur flutningaskipið Jaxlinn**

# Ræðir við sveitarfélög á Vestfjörðum um gjaldskrár

Sæskip ehf. sem reka flutningaskipið Jaxlinn hefur að undanförmu átt í viðræðum við Vestfjörðum utan Suðureyrar enda var það hugmyndafræði útgerðarinnar í upphafi að bjóða litla sem enga þjónustu í landi en þess í stað að sigla á verid góðar og það styrki áætlanarsiglingar félagsins. Hann segir reksturinn ganga vel þrátt fyrir mikla hækkun eldsneytisverðs og launahækkana. Stefnir er áfram að tveimur ferðum í viku á milli Faxaflóahafna og Vestfjarðahafna. Sem kunnugt er hófust áætlunarsiglingar Jaxlins á nýliðnu ári. Sæskip ehf. festi kaup á skipi í Noregi

til siglinganna. Hefur skipið nú viðkomu á öllum höfnum á Vestfjörðum utan Suðureyrar enda var það hugmyndafræði útgerðarinnar í upphafi að bjóða litla sem enga þjónustu í landi en þess í stað að sigla á allar hafnir sem hægt var og hafa flutningsgjöld í algeru lágmarki að sögn Ragnars M. Traustasonar eiganda Sæskipa ehf.

Ragnar segir undirtektir viðskiptavina hafa verið góðar í upphafi og að undanförmu hafi reksturinn gengið vel. „Hinur er ekki að leyna að ýmislegt gekk okkur í mót í upphafi og

einnig hafa orðið miklar hækkunar á oliuverði á undanförmum mánuðum og laun hafa hækkað að nokkuð. Það hefur gert það að verkum að reksturinn var dálítið brattur í upphafi“, segir Ragnar. Hann segir að ekki hafi vantað hrakspár í upphafi þegar hann leitaði að fjárfestum að rekstrinum. „Flestum bar saman um að þetta væri hið mesta glapræði en í dag vilja allir Lilju kveðið hafa. Ég hef hins vegar ákveðið að halda mínu striki einn með þá sýn sem ég hafði í upphafi að bæta þjónustu við Vestfirðinga fyrst og síðast.“

Sæskip ehf. hafa sent sveitarfélögum á viðkomustöðum Jaxlins bréf þar sem farið er fram á viðræður um hafnar- og vörugjöld þau er útgerðinni er gert að greiða á hverjum stað. „Með því að taka upp þessar viðræður viljum við reyna að tryggja að kostnaður við reksturinn verði sem minnstur þannig að við getum haldið flutningsgjöldum í lágmarki.“ Ragnar segist ekki þurfa að kvarta undan viðbrögðum sveitarfélaganna og er því bjartsýnn á áframhaldandi áætlunarsiglingar félagsins. — *hj@bb.is*

## Strætisvagn inn í garð í Kjarrholti



Vindhviða feykta strætisvagni af hálum vegi inn í garð í Kjarrholti á Ísafirði síðdegis á mánudag. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði urðu engin meiðsl á fólki. Auk þess urðu ekki miklar skemmdir vegna þessa, hvorki á strætisvagninum né á garðinum. Fljúgandi hálka var í Holtahverfi eins og annars staðar á Ísafirði á mánudag og bálhvass vindur úr suðri sem gerði mörgum vegfarendum erfitt fyrir. — *thelma@bb.is*

Hækkun leikskólagjalda um 10% og matargjalds um 4% tilkomin vegna aukins rekstrarkostnað skólanna

# Eftir sem áður miðað við að tekjur leikskóla standi undir þriðjungri kostnaðar

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir hækkun leikskólagjalda um 10% og matargjalda í leikskólum um 4% vera til komna vegna aukins rekstrarkostnaðar skólanna. Hann segir að eftir sem áður sé miðað við að aðstandendur barna greiði þriðjung rekstrarkostnaðar, en bæjarfélagið greiði tvo þriðju. Fréttavefnum bb.is barst í síðustu viku póstur frá móður á Ísafirði sem hefur miklar áhyggjur af fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum.



Halldór Halldórsson.

„Ég hef miklar áhyggjur af þróuninni hjá bæjarfélaginu og mér finnst eins og Ísafjarðarbær sé hreinlega að bola barnafólki burt úr bænum. [...] Ég hef verið lauslega að kanna leikskólagjöld annars staðar og niðurstöðurnar úr þessari óformlegu könnun minni þykja mér vera sláandi“, segir móðirin.

Þegar leikskólagjöld í Ísafjarðarbæ eru borin saman við gjöld í öðrum sveitarfélögum af svipaðri stærðargráðu kemur í ljós að þau eru óvitað ef nokkurs staðar hærra. Sé miðað við barn í 8 tíma vistun sem fær hádegisverð og hressingu að morgni og síðdegis verður kostnaðurinn 30.575 krónur á



Sólborg er stærsti leikskóli Ísafjarðarbæjar.

mánuði eftir boðaðar gjaldskrárhækkningar sem taka gildi þann 1. febrúar.

Í Skagafirði er gjald fyrir sömu þjónustu 25.528 krónur á mánuði og í Árborg er gjaldið 27.153 krónur. Á Egilstöðum eru rúkkadur 28.668 krónur á mánuði samkvæmt gjaldskrá frá því í fyrra, en þar má þó

búast við hækkun gjalda í vor. Sé lítið til Kópavogs, sem að sjálfsögðu er miklu stærra sveitarfélag en Ísafjarðarbær, kemur í ljós að þar er gjaldið 29.188 krónur á mánuði.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri segir að miðað sé við að tekjur leikskóla standi undir þriðjungri rekstrarkostnaðar

þeirra. „Kostnaður við þessa 6 leikskóla sem sveitarfélagið rekur er áætlaður 201,6 milljónir króna en tekjurnar 65,3 milljónir. Það þýðir að sveitarfélagið greiðir 136,3 milljónir (67,6%. Innskot: blaðsins). Þá er áætlað að launakostnaður starfsmanna á leikskólum hækki um 15% á þessu ári“,

segir Halldór.

„Ef við lítum til þeirra sveitarfélaga sem við berum okkur saman við, sjáum við að þau eru flest miklu stærri en við og ekkert þeirra er með jafna marga byggðarkjarna“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

– halfdan@bb.is

## Guðjón Arnar Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins

# „Samkeppnisaðstaða landsbyggðarinnar sífellt að versna“

Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður segir ríkisstjórnina vera að gera fólki nánast ókleyft að búa úti á landi. Hann segir með ólíkindum hvað mönnum lá mikið á að koma í framkvæmd þeirri breytingu á lögum sem nú hækka orkuverð til muna á landsbyggðinni. Koma hefði mátt í veg fyrir afleiðingar hinna nýju laga með samþykkt breytingartillögu þar sem gert var ráð fyrir frestun á framkvæmd nýju laganna. Guðjón Arnar segir þá stöðu sem upp er komin nú ekki þurfa að koma á óvart.



Guðjón Arnar Kristjánsson.

„Þetta mál var mjög illa undirbúið. Það kom handómytt í upphafi til umræðu í þinginu og í ðnaðarnefnd hefði þurft

mun lengri tíma til þess að vinna málið. Ráðherra sagði margoft að þessar breytingar hefðu ekki mikil áhrif á orkuverð. Hún notaði sjálf þau orð að þar yrði aðeins um að ræða nokkra hundraðkalla. Það voru hennar orð“, segir Guðjón.

„Vegna þess hversu illa málið var undirbúið lögðum við Steingrímur Sigfússon fram frumvarp sem frestaði framkvæmd hinna nýju laga um eitt ár. Þann tíma hefðu menn getað notað til þess að átta sig á afleiðingum hinna

nýju laga og því hefði verið hægt að bregðast við. Því miður var ekki fallist á tillögu okkar og nú standa menn frammi fyrir þessum afleiðingum.“

„Því miður er samkeppnisaðstaða landsbyggðarinnar sífellt að versna vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Það er verið að gera búsetuskilyrðin á landsbyggðinni nánast óbærileg og það sést best í þessu máli. Það er með ólíkindum hvað mönnum lá á í þessu máli. Það hefði enginn skaðast á því að biða með framkvæmd laganna. Menn vildu ekki biða og nú standa þeir frammi fyrir gríðarlegum hækkunum á þessum stóra kostnaðarlið hjá heimilum á landsbyggðinni.“

## Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður

# „Þingmenn verða að leysa vandamálið“

Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins segist ekki trúnaðari en að Valgerður Sværisdóttir kunngeri í umræðum á Alþingi tillögur til að sporna við mikilli hækkun á húshitunarkostnaði á landsbyggðinni. Þingmenn verði að vinna sér í að leysa það vandamál sem upp er komið. Eins og fram hefur komið í fréttum kynnti Orkuvú Vestfjarða nýja gjaldskrá sína í síðustu viku og hækkað raforkukostnaður heimila í dreifbýli um allt að 40-50% eða um 60-70 þúsund krónur á heimili. Einar segir málið hafa verið rætt í stjórnarflokkunum undanfarna daga og það sé óhjákvæmilegt að við því vandamáli sem upp er komið verði brugðist.

„Undanfarin ár höfum við náð ágætum árangri við lækkan húshitunarkostnaðar sem meðal annars hefur leitt til þess að þetta mál, sem var mál mállanna á stjórn málfundum þegar ég var að hefja minn pólitíska feril á árunum upp úr 1990, hefur varla verið til umræðu á liðnum árum. Nú gerist það hins vegar að þessum árangri er á einni nóttu stefnt upp í loft og við það verður ekki unnað. Það var ekkert sem gaf okkur sem stóðum utan ðnaðarnefndar tilefni til að ætla að þetta

yrði niðurstaða málsins og ég veit að svo var einnig um þá er sátu í ðnaðarnefnd. Það er hins vegar svo að verið er að gera gjörbreytingar á raforkukerfinu og hverfa frá möguleikum á því að jafna orkukostnað innan kerfisins. Afleiðingar eru ljósar. Því verða stjórn málmenn að bregðast við og ég bendi á að til eru 900 milljónir á fjárlögum sem áætlaðar eru til jöfnunar á raforkukostnaði til húshitunar. Dugi sú upphæð ekki verður einfaldlega að bæta við hana þannig að tryggt verði að þessi ósköp dýnji ekki yfir“, segir Einar Kristinn.

Einar Kristinn segist ekki treysta sér til þess að tíma-setja það hvenær málið verði leyst. „Valgerður Sværisdóttir ðnaðarráðherra mun flytja á þingi á fimmtudag skýrslu um málið og ég trúi ekki öðru en að í þeim umræðum verði kunngerðar tillögur í málinu. Það sjá allir að þetta getur ekki gengið. Við getum ekki unnað því að verðhækkunir upp á kannski 45% nái fram að ganga. Það eru aðilar sem eru að fá verðlækkanir, sérstaklega atvinnufyrirtækin. Það er auðvitað ávinningur sem má ekki gleyma“, segir Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður.

## Snerpa býður frítt niðurhal í ADSL

Snerpa hefur ákveðið að bjóða notendum í ADSL-þjónustu upp á nýja netþjónustu sem ber nafnið „Frítt niðurhal“. Að sögn Ísaks Jóns Benjamínssonar kerfisstjóra hjá Snerpu kostar grunnþjónustan einungis 4.000 krónur á mánuði og í henni verður innifalin sama þjónusta og í annarri ADSL-þjónustu fyrirtækisins, auk þess sem notendur fá fría útlandaumferð. Að auki eru gerðar breyt-

ingar á þeirri þjónustu sem í boði var fyrir þannig að þeir sem hafa keypt 1 GB gagnamagn á ADSL fá nú fyrir sama verð 1,25 GB og verð á umframgagnamagni lækkar í 2,20 kr/MB. Verð á umframgagnamagni í minnsta flokknum sem er 250 MB lækkar einnig úr 4 kr/MB í 3,20. Að auki er nú sett á verðþak í ADSL þannig að ADSL-notendur greiða aldreiii fyrir meira en sem svarar um 2 GB af útlandaumferð.

Að sögn Ísaks eru þessar breytingar boðaðar nú þar sem Snerpa telur sig geta fylgt á eftir stærri netþjónustum landsins, sem tilkynnt hafa breytingar á gjaldskrárum að undanförunu, með jafnagóða eða betri þjónustu. Að auki er innifalin hjá Snerpu föst IP-tala og allt að fimm pósthólf. Breytingar á gjaldskránni taka gildi 1. febrúar og er nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Snerpu.

## Stungið af frá árekstri

Í síðustu viku var ekið á mannlauða bifreið í Hnífsdal. Sá er þar var að verki gerði eiganda eða lögreglu ekki viðvart en fannst síðar. Þá var ekið á Subaru Legacy bifreið á bifreiðastæði við Vallargötu á Þingeyri. Sá sem olli tjóninu lét heldur ekki vita og óskar lögreglu eftir upplýsingum frá hugsanlegum sjónvarvottum, en viðurlög eru við broti sem þessu.



## Fjölmenni á þorra- blóti Bolvíkinga

Fjölmenni var samankomið yfir trogunum á þorra-blóti Bolvíkinga sem var haldið í Víkurbae á laugardagskvöld. Hefð er fyrir því að bolvískar konur bjóði á þorra-blót og er skilyrði að þær mæti í íslenskum þjóðbúningi. Karlmönnunum er gert að vera í svörtum fötum og margir klæðast íslensku hátíðarbúning-

unum við þetta tækifæri. Trogin er komið með að heiman og sitja konur öðrum megin borða en karlar hinu megin. Að vanda var boðið upp á heimatilbúin skemmtiatriði en þar var tekið á ýmsum málum í bæjarlífinu. Meðal annars var fluttur frumsaminn ástarbragur, sem vísaði í ástarviku Bolvíkinga í sumar, og boðið upp á Idol

keppni en eins og margir eflaust muna fengu Bolvíkingar ekki fallega útreið í Idol-stjörnuleitar áheyrnarprufunum sem fóru fram hér vestra í haust. Ljósmyndari blaðsins kom við á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is.  
- *thelma@bb.is*



## Mikil hækkun raforkuverðs í dreifbýli þrátt fyrir lægsta verð á landinu

## Allt að 50% hækkun í dreifbýli

Raforkukostnaður í dreifbýli á Vestfjörðum hækkar um allt að 50% með nýrri gjaldskrá Orkubús Vestfjarða sem kynnt var í síðustu viku. Nemur hækkunin allt að 6 þúsund krónum á mánuði á heimili. Meðal staða sem teljast til dreifbýlis á Vestfjörðum eru Súðavík, Drangsnæs og Reykhólar. Orkustofnun hefur ekki lagt endanlega blessun sína yfir gjaldskrána þannig að hún gæti hækkað enn frekar vegna aukinnar arðsemiskröfu af fyrirtækinu.

Orkureikningur í þéttbýli þar sem kynt er með fjarvarmaveitu hækkar einnig nokkuð. Orkubú Vestfjarða kynnti nýja gjaldskrá í gær í kjölfar þeirra breytinga sem urðu á raforkulögum um áramótin. Með hinum nýju lögum var stofnað nýtt fyrirtæki, Landsnet, sem sér um dreifingu raforku um landið og í framhaldinu verður kostnaður við dreifingu á raforkunni sýnilegur. Með einföldun má segja að kostnaður við dreifingu sem áður var jafnað út á alla notendur greiðist nú af þeim sem stofna til kostnaðarins. Niðurgreiðslur á dreifingu raforku halda þó áfram að hluta til.

Raforkuverð orkufyrirtækja er háð samþykki Orkustofnunar. Til þess að fá það samþykki þarf að liggja fyrir að orkuverðið uppfylli ákveðin skilyrði sem sett eru til rekstrar orkufyrirtækjanna þar á meðal arðsemi þeirra. Þar má segja að hnífurinn standi í kúnni. Á undanförunum árum hefur Orkubú Vestfjarða verið rekið

á svokölluðum greiðslugrunni þ.e. tap hefur verið af rekstrinum sem nemur hluta af afskriftum. Sem dæmi má nefna að á árinu 2003 var tap á rekstri fyrirtækisins rúmar 85 milljónir króna eftir afskriftir sem námu rúmum 316 milljónum króna. Á árinu 2002 var tapið um 90 milljónir króna eftir afskriftir sem námu tæpum 310 milljónum króna. Heildartekjur fyrirtækisins voru um 1.000 milljónir króna hvort ár. Þessi rekstrarmíðustaða var ásætlanleg að mati eigenda fyrirtækisins, en svo er ekki lengur. Orkustofnun setur fyrirtækinu ákveðinn rekstraramma samkvæmt túlkun stofnunarinnar á hinum nýju lögum. Þar eru sundurliðaðir rekstrarliðir sem fyrirtækið verður að uppfylla, þar á meðal er ákveðin arðsemi.

Samkvæmt hinni nýju gjaldskrá Orkubúsins biður fyrirtækið lægsta orkuverð á landinu samkvæmt samanburði sem kynntur var. Ef miðað er við 5.000 kílóvattstundir (kWh), sem eru algeng ársorkunotkun hjá heimilum er kostnaður í þéttbýli á Vestfjörðum 36.900 krónur. Hjá Orkuveitu Reykjavíkur er kostnaðurinn 4,07% hærri, hjá Hitaveitu Suðurnesja er kostnaðurinn 5,28% hærri, hjá Norðurorku er kostnaðurinn 7,37% hærri og hjá RARIK er kostnaðurinn 18,20% hærri. Í dreifbýli nemur kostnaðurinn við sömu orkukaup hjá Orkubú Vestfjarða 46.850 krónum og hjá RARIK er kostnaðurinn 47.947 krónur og hefur þá dreifingarkostnaðurinn verið



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða hf., á Ísafirði.

greiddur niður um 0,63 kr/kWh.

Í þéttbýli lækkar raforkuverð til almennrar notkunar nokkuð og sem dæmi má nefna að gjald fyrir 5.000 kWh á ári lækkar um tæp 3%. Lækkunin er mest hjá stærstu notendum í þéttbýli og nemur t.d. um 22% hjá þeim sem kaupa um 100.000 kWh á ári í almennri notkun. Í dreifbýli hækka 5.000 kWh um rúm 20%, úr 38 þúsundum króna í tæpar 46 þúsundir.

Raforka til almennra nota er einungis hluti af raforkunotkun flestra heimila. Stærstur hluti er húshitunin og þar verða breytingarnar miklar. Þegar sett hefur verið saman raforka til almennra nota og

húshitun með rafmagni nemur hækkunin til heimila í dreifbýli á milli 40 og 50% eða um 5-6 þúsund krónum á mánuði hjá meðalfjölskyldu. Í þéttbýli nemur hækkunin á heildarpakkanum um 10-15% eða rúmum 1.000 kr. á mánuði.

Í hugum fólks er dreifbýli bundið við afskekta sveitabæ en svo er ekki í þessu tilfelli. Til dreifbýlis teljast þeir staðir þar sem eru innan við 200 íbúar. Það þýðir að t.d. Drangsnæs, Súðavík og Reykhólar teljast til dreifbýlis í þessu tilfelli.

Kristján Haraldsson orkubússtjóri segir að því sé ekki að neita að þessar hækkunir séu mjög miklar og þá sérstaklega á rafhitun í dreifbýli. Því

geri stjórn Orkubúsins sér fyllilega grein fyrir og hafi á stjórnarfundum í síðustu viku samþykkt svohljóðandi bókun: „Stjórn Orkubús Vestfjarða lýsir yfir áhyggjum á þeirri staðreynd að ný orkulög hafa í för með sér verulega hækkun orkureikninga í dreifbýli (og þá sérstaklega hjá þeim sem hita upp með rafmagni) svo sem raun ber vitni nú þegar nýjar gjaldskrár liggja fyrir. Stjórn Orkubús Vestfjarða hvetur stjórnvöld til að leita allra leiða til að draga úr áhrifum þessara hækkana“.

Kristján segir að aðeins auknar niðurgreiðslur geti tekið á þeim vanda sem nú hafi skapast í rafhitun húsa á land-

inu. Það sé því pólitísk ákvörðun hvort þessar hækkunir verði raunin. Hin nýja gjaldskrá Orkubús Vestfjarða er nú til skoðunar hjá Orkustofnun og vonast Kristján til þess að hún verði staðfest þar með litlum breytingum. Áður hafði Orkubúinn sent Orkustofnun gjaldskrá sem ekki hlaut náð fyrir augum stofnunarinnar.

Stjórnendur Orkubúsins og eigandi þess eru sammála um áherslur þess í rekstri og hvað þeim finnst ásætlanleg afkoma. Sú einkennilega staða er komin upp að þeir ráða hinsvegar ekki för lengur. Gjaldskrá fyrirtækisins verður að uppfylla kröfur Orkustofnunar og túlkun þeirrar stofnunar á nýsettum orkulögum. —hj@bb.is

## Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps um hækkun raforkukostnaðar

## „Standi hækkunirnar verða ríkisstjórnarflokkarnir að taka afleiðingunum“

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík segir að sú mikla hækkun raforkukostnaðar sem Orkubú Vestfjarða kynnti í síðustu viku hafi komið honum mjög á óvart. Hann segir að raforkuverð muni almennt hækka mjög mikið þrátt fyrir orð ráðamanna um að enginn nýr kostnaður verði til við breytt skipulag raforkufyrirtækja. Hann segir stærstan hluta starfsorku sveitarstjórnarmanna fara í það að verjast ákvörðunum ríkis- og löggjafarvalds og telur að ef ekki komi til breytingar á niðurgreiðslum verði sjálfstæðismenn og framsóknar-

menn að axla pólitíska ábyrgð á þessum miklu hækkunum. Eins og greint er frá hér að ofan verður töluverð hækkun á raforkuverði til almennings og sérstaklega kemur hún hart niður fólki í dreifbýli sem kyndir hús sín með raforku. Meðal byggðarlaga sem teljast til dreifbýlis er Súðavík. Má ætla að þar hækki heildaraforkukostnaður um allt að 50% og nemur sú hækkun 5-6 þúsund krónum á mánuði hjá meðalfjölskyldu.

Ómar Már segir þessa miklu hækkun hafa komið honum mjög á óvart. „Þessi hækkun er útúr korti miðað við það sem iðnaðarráðherra og aðrir

stjórnálmenn höfðu sagt um þær breytingar sem fylgdu nýju skipulagi raforkumála. Það var margsagt að ekki yrði til nýr kostnaður við þessar breytingar en engu að síður standa menn frammi fyrir þessum miklu hækkunum“, segir Ómar.

Ómar telur þessar hækkunir hafa mikil áhrif til hins verra á samkeppnisstöðu þeirra byggðarlaga þar sem hús eru rafhituð. „Þessi hækkun er skelfilegt innlegg í þá baráttu sem fram fer um framtíð landsbyggðarinnar. Þetta eru mjög kaldar kveðjur til þeirra sem hafa verið að reyna að efla landsbyggðina. Þrátt fyrir

fögur orð þeirra er ráða ferðinni í landsmálum verður að segja að það fer sívaxandi tími og starfsorka sveitarstjórnarmanna í að verjast ýmsum ákvörðunum og lagasetningum ríkis- og löggjafarvalds. Í staðinn fyrir að sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni geti verið í sókn þá erum við í endalausri varnarbaráttu vegna pólitískra ákvarðana stjórnálmanna sem segjast vera hliðhollir landsbyggðinni. Svona vinnubrögð geta ekki gengið lengur“.

Í Súðavík hefur ferðarþjónusta vaxið hröðum skrefum á undanförunum árum með til- efla landsbyggðina. Þrátt fyrir

keypt hafa hús í gömlu byggðinni í Súðavík. Einnig stofnaði Súðavíkurhreppur ásamt einstaklingum fyrirtækið Sumarbyggð ehf. sem á og rekur nokkur hús í gömlu byggðinni. Ómar segir að fyrir skömmu hafi niðurgreiðslum verið hætt á kyndingu þessara sumarhúsa og nú bætist þessi hækkun við.

„Á skömmum tíma hefur því kostnaður við upphitun þessara húsa hækkað um ríflega 100%. Með breytingunum á umhverfi raforkufyrirtækja er nánast verið að leggja í rúst það mikla uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið á undanförunum árum í ferðar- iðnaði“, segir Ómar.

Aðspurður hvort sveitarstjórnarmenn geti ávallt varpað ábyrgðinni á ríkisvaldið í ljósi þess að sveitarstjórnarmenn eru flestir fulltrúar sömu stjórnálmanna og sitja á Alþingi segir Ómar að í þessu máli sé hin pólitíska ábyrgð ljós. „Verði niðurstaðan sú að raforkukostnaður hækki í þá veru því kostnaður við upphitun þessara húsa hækkað um ríflega 100%. Með breytingunum á umhverfi raforkufyrirtækja er nánast verið að leggja í rúst það mikla uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið á undanförunum árum í ferðar- iðnaði“, segir Ómar. —hj@bb.is

# Ritstjórnargrein

## Hættum við framboðið!

„Þegar menn eru þingmenn þjóðarinnar þá bera þeir ábyrgð.“ Þessi ábúðarmiklu orð þingmanns og borgarfulltrúa féllu í „Silfri Egils“ á sunnudaginn. Tilefnið var meintur „leki“ trúnaðarupplýsinga frá fundum utanríksmálanefndar Alþingis í tengslum við Íraskmálið. Alvarlegt mál. Lögbrot. Og auðvitað eiga menn ekki að komast upp með lögbrot, síst af öllu þingmenn þjóðarinnar, sem bera ábyrgð! En hverra er ábyrgðin? Og í hvaða til efnum eiga þingmenn að axla ábyrgð? Sumum, öðrum ekki? „Hvað höfðingjar hafast að..“ er greinilega ekki lýðsins að meta!

Næsta víst er að vorþingið sem hófst á mánudaginn verði skrafsamt. Af nægu er að taka. Kárahnjúkar. Atvinnuástandið á Stöðvarfirði: enn ein fjöður í hatt fiskveiðistjórnunarkerfisins! Eftirlaunalög ráðherra, sem samþykkt voru í ársþyrjun 2004. Enn ein lögin frá hinu háa Alþingi, sem ganga á skjön við „vilja þingsins“? Að embættismenn með milljón á mánuði, að hluta skattfrjálst, skuli á sama tíma vera á eftirlaunum frá ríkinu er í einu orði sagt: siðleysi, þótt löglegt kunni að vera í skjóli laga, sem þeir á fyrri tímum kunna sjálfir að hafa staðið fyrir að lögfesta? Þjóðfélagsþegnum, sem mega ekki aura sér inn smápening án þess að ríkisvaldið skerði umsvifalaust rétt þeirra til fremur lúsarlegs ellilífeyris, með alls kyns lagakrökum, er ekki hlátur í huga við slíkar uppákomur. Raunar er þjóðinni upp til hópa misboðið.

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður, hefur lagt til að hætt verði við framboð Íslands til Öryggisráðsins. Framboðið komi til með að kosta íslensku þjóðina allt að einum milljarði króna. Dýrt ævintýri fyrir þjóð, sem árlega verður að skera niður svo nemur hundruð milljónum króna í heilbrigðiskerfinu. Rétt, Einar! Við höfum ekki ráð á að fjármagna draumóra af þessu tagi. Og: hvaða hagsmunir íslensku þjóðarinnar réttlæta störf 15 sendiherra í eigin landi? Trúnaðarmál? Varðar ef til vill öryggi íslensku þjóðarinnar? Nei, hættum við framboðið til Öryggisráðsins og stökum upp í utanríkisþjónustunni. Ísland getur með öðrum og ódýrari hætti, en þúsund milljóna króna bautasteini í Öryggisráðinu, látið að sér kveða á allþjóðavettvangi.

Vestfirðingar munu fylgjast með þróun mála á vorþingi Alþingis. Fjölmörg mál brenna á þeim, öðrum fremur: samgöngur, skólamála með háskóla í forgang og aukin atvinna eru brýnust, sem stendur.

BB mun gera sitt til að fylgja eftir þeim málum er varða hagsmunum Vestfirðinga.

s.h.

## Orðrétt af netinu

### Bloggað frá Bagdad

Hún er írösk stúlka og býr í Bagdad en kallar sig *Riverbend*. Að koma fram undir nafni væri sjálfsmorð í hennar tilviki. *Riverbend* heldur nefnilega úti blogg síðu sem heitir „Bagdad brennur“ og segir þar frá lífi sínu í hernumdu og stríðshrjáðu landi. Og áður en lengra er haldið er rétt að vara hugsanlega lesendur á Flórída við því að rétttrúaðir myndu eflaust telja *Riverbend* til „meinfýsnishlakkandi úrtölumanna“ og þar fram eftir götunum.

Frásögn stúlkunnar af undirbúningi kosninganna sem fram eiga að fara eftir rúma viku gefur enga ástæðu til bjartsýni enda bendir margt til að þær verði hreinn skrípaleikur. Reyndar má telja það öruggt ef ekki tekst að halda kosningar í fjórum helstu héruðum súnníta í landinu en þar búa um 40% landsmanna. Öryggismálaráðherra leppstjórnarinnar hefur lýst yfir því að átök andspyrnumanna og hernámsliðsins í þeim landshluta gætu komið í veg fyrir kosningar þar og yfirmaður leyniþjónustunnar sagði snemma í þessum mánuði að héruðin fjögur væru nú talin algerlega örugg.

murinn.is – Steinþór Heiðarsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X



Togarinn Egill rauði á strandstað undir Grænuhlíð.

### Björgunarafrekið undir Grænuhlíð fyrr 50 árum

## Minnisvarði reistur á Norðfirði

Bæjarráð Fjarðabyggðar hefur samhljóða ákveðið að beita sér fyrir því að reistur verði minnisvarði vegna sjó-slysanna miklu fyrir um 50 árum þegar báðir togarar Norðfirðinga, Egill rauði og Goðanes, fórust með minna en tveggja ára millibili. Egill rauði strandaði undir Grænuhlíð árið 1955 og Goðanes strandaði og sökk við Færeyjar tveimur árum síðar. Í sam-

þykkt bæjarráðs segir að minnisvarðinn verði einnig reistur „til að minnast fádæma þrekrauna og kjarks sem björgunarmenn sýndu við björgun þeirra áhafnarmedlima sem komust lífs af úr strandi Egils rauða undir Grænuhlíð í Ísa-fjarðardjúpi hinn 26. janúar 1955. Auk þess verði minnisvarðinn til marks um þá virðingu sem íbúar sveitarfélagsins sýna þeim sjómönnum sem

farist hafa í og við sjó fyrr og síðar“.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri í Fjarðabyggð segir að hugmyndin um að reisa þennan minnisvarða hafi kviknað í kjölfar umfjöllunar í jóbblaði BB fyrir skömmu um strand Egils rauða og björgun áhafnar hans. „Það má segja að umfjöllun blaðsins hafi opnað augu yngra fólks hér í bænum fyrir því mikla afreki sem þar

var unnið og þess viljum við minnast með þessum hætti um leið og við minnumst allra þeirra sem ekki voru svo heppnir í gegnum tíðina að verða bjargað úr sjávarháskan.“

Guðmundur segir að óskað verði eftir samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga sem leggja vilja þessu málefni lið og stefnt verði að því að afhjúpa minnisvarðann á sjómannadag árið 2006.

### Félagsmenn í Sjómannafélagi Ísfirðinga

## Ganga til liðs við Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Félagsmenn Sjómannafélags Ísfirðinga (SÍ) hafa samþykkt sameiningu við Verkalýðsfélag Vestfirðinga. Atkvæði hafa verið talin í allsherjaratkvæðagreiðslu sem stóð í einn mánuð, frá 15. des-

ember til 15. janúar.

Á kjörskrá voru 107 félagsmenn SÍ og 54 greiddu atkvæði eða 50,47%. 45 sögðu já, eða 83,33% þeirra sem atkvæði greiddu. 9 sögðu nei eða 16,67%. Samkvæmt þessum

úrslitum eru sjómenn á Ísa-firði félagar í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga frá og með 1. janúar.

„Ekki fer á milli mála að félögum í Verk-Vest, ekki síst sjómönnum, er mikill fengur

að liðsaukanum og félagslegur styrkur ísfirskra sjómanna verður einnig meiri í stóru og öflugum félagi“, segir í frétt á vef Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

– thelma@bb.is

### Sýslumenn og bæjar- og sveitarstjórar á Vestfjörðum

## Segja ástæðulaust að hrófla við fyrirkomulagi húsrýminga

Vegna umfjöllunar í fjölmiðlum um húsrýmingar á Vestfjörðum vilja undirritaðir bæjarstjórar og sýslumenn á svæðinu koma eftirfarandi á framfæri:

„Að okkar mati er góð reynsla af því fyrirkomulagi sem í dag er viðhaft við ákvarðanatöku og 6. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 segir

til um. Samkvæmt lagagreininni ber Veðurstofu Íslands að hafa samráð við lögreglustjóra og almannavarnanefndir þegar hún gefur út viðvörðun um snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi og rýmingu húsa. Í lagagreininni felst ekki að Veðurstofan hafi lögregluvald til þess að framkvæma rýmingu, heldur er það hlutverk lögreglustjóra og almanna-

varnanefnda. Samstarf lögreglustjóra og almannavarnanefnda við snjóflóðasérfræðingna Veðurstofunnar hefur reynst afar vel og ástæðulaust að okkar mati að hrófla við því fyrirkomulagi sem lögin kveða á um og viðhaft er í dag með öryggi almennings að leiðarljósi.“

Undir þetta rita Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bol-

ungarvík, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísa-firði, Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík, Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Már Erlingsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps og Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík.

Gerist áskrifendur í síma **456 4560**

Jóhannes B. Björnsson, lögmaður Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf., í Hnífsdal

# Gerir athugasemdir við tillögur Ísafjarðarbæjar vegna úthlutunarreglna


Lögmaður Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. í Hnífsdal hefur sent sjávarútvegsráðherra athugasemdir við reglur þær sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lagði til að viðhafðar yrðu við úthlutun byggðakvóta þess er í hlut sveitarfélagsins kom á dögum. Telur lögmaðurinn að reglur þær sem bæjarstjórn samþykkti uppfylli ekki almenn og hlutlæg skilyrði sem sett eru fyrir úthlutun og ekki eigi allir aðilar jafna möguleika á að fá hlut. Málið er nú til skoðunar í sjávarútvegsráðuneytinu.

Sem kunnugt er var úthlutað 210 þorskígildistonna byggðakvóta til Ísafjarðarbæjar fyrir skömmu. Af þessum kvóta var 60 tonnum úthlutað sérstaklega vegna Þingeyrar, 30 tonnum vegna Hnífsdals og 120 tonn komu í hlut sveitarfélagsins í heild. Síðar kom fram sú skoðun sjávarútvegsráðuneytisins að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar væri heimilt að úthluta umræddum 120 tonnum beint til Suðureyrar og Flateyrar þar sem þar væri um að ræða sérstaka úthlutun á móti þeirri skerðingu sem varð á úthlutun Byggðastofnunar á byggðakvóta. Sú upprunalega úthlutun kom m.a. til vegna samdráttar í afla og aflaheimildum í þessum tveimur byggðarlögum. Sá kvóti hefur þó til þessa dags runnið til Þingeyrar.

Sveitarstjórnir í þeim sveitarfélögum sem fá úthlutað kvóta geta sett reglur um úthlutun kvótans og þurfa þær reglur að fá samþykki sjávarútvegsráðuneytisins. Í reglugerð

um úthlutun byggðakvótans segir að tillögur sveitarstjórna skuli byggjast á almennum hlutlægum reglum og skal jafnræðissjónarmiða gætt. Leggi sveitarstjórn ekki til reglur þá úthlutar Fiskistofa byggðakvótanum til allra fiskiskipa í sveitarfélaginu í réttu hlutfalli við kvótæign hvers skips fyrir sig. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 30. desember að leggja til við sjávarútvegsráðuneytið að 120 tonna byggðakvótanum yrði úthlutað til þeirra skipa er landa afla sínum hjá Fiskvinnslunni Kambi á Flateyri og Fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri. Sú tillaga er nú til umfjöllunar í sjávarútvegsráðuneytinu. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar gerði hins vegar enga tillögu um úthlutun þess kvóta er kom í hlut Þingeyrar og Hnífsdals.

Jóhannes B. Björnsson hdl. hefur sent Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra bréf fyrir hönd Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. í Hnífsdal þar sem gerðar eru athugasemdir við reglur þær er bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti. Í fyrsta lagi gerir lögmaðurinn athugasemdir við þá ætlan bæjarstjórnar að setja aðeins reglur um úthlutun hluta af þeim kvóta er í hlut bæjarfélagsins kom „enda verður ekki séð að heimilt sé að hafa mismunandi reglur að þessu leyti á milli aðila sem fá úthlutað aflamark skv. ákvæðinu. Að minnsta kosti verður að gera þá kröfu að slík mismunun byggji á málefnalegum sjónar-



Hraðfrystihúsið - Gunnvör í Hnífsdal.

miðum sem standist gagnvart ákvæðum laga og stjórnarskrárinnar um jafnræði. Engin tilraun er gerð til slíks í tillögum að reglum sem samþykktar voru í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 30.12.s.l.“, eins og segir í bréfinu.

Þá segir Jóhannes að umbjóðandi sinn telji að það felist í jafnræðisreglu stjórnáslu-laga „að reglur um úthlutun á þeim kvóta sem í hlut sveitarfélagsins kemur verði að byggjast á almennum reglum og afar mikilvægt sé að jafnræðis sé gætt þegar um er að ræða úthlutun á verðmætum, svo sem aflamark sé. Umbjóðandi minn telur að það samræmist ekki þessum sjónarmiðum að setja reglur um að

tveir tiltekna aðilar skuli fá úthlutun eða að úthlutun sé með öðrum hætti bundin við tiltekna lögaðila, en ekki almenn viðmið sem geti náð til allra í sömu eða sambærilegri stöðu.“ Hann telur einnig að

reglur sem binda úthlutun sérstaklega við tiltekna lögaðila eða byggðakjarna fái ekki staðist samkvæmt áður nefndum sjónarmiðum um jafnræði. Að sögn Vilhjalms Egilssonar ráðuneytissjóra er nú

unnið að því að fara yfir þær reglur sem sveitarstjórnir sendu inn til ráðuneytisins. Sú vinna sé umfangsmikil og því of snemmt að segja hvenær henni ljúki.

– hj@bb.is

## Leikfélag Menntaskólans á Ísafirði

# Setur upp Djöflaeyjuna

Sólrísuleikrit Leikfélags Menntaskólans á Ísafirði verður að þessu sinni „Þar sem Djöflaeyjan rís“, sem byggt er á samnefndri skáldsögu Einars Káasonar. Stefnt er að því að frumsýna verkið á fyrsta degi sólríshátíðar skólans þann 25. febrúar.

„Við höfum hist nokkrum sinnum í vikunni og unnið að persónusköpun og tekið léttar æfingar. Æfingar hefjast svo fyrir alvöru um helgina“, segir Ársæll Níelsson hjá LMÍ. 16 leikarar koma að verkinu og taka sumir að sér fleiri en eitt hlutverk. Leikstjóri er Þórunn Sigþórsdóttir.

Í fyrra sló sýning sólrísu-




Menntaskólinn á Ísafirði.

hátíðarinnar rækilega í gegn en það var roksöngleikurinn Grettir. Fékk hann góða dóma meðal annars í Morgunblaðinu þar sem aðstandendur hans voru lofaðir fyrir fagmannleg

vinnubrögð. Spannandi verður að sjá hvernig til tekst í ár enda telja margir sýningu menntskælingana vera hápunkt sólríshátíðarinnar.

– thelma@bb.is

## Réttindi á vinnuvélar



Vinnuvélanámskeið verður haldið í Ísafjarðarbæ 4. - 12. febrúar.

Námskeiðið er kvöld og helgarnámskeið og veitir rétt til verklegrar próftöku á allar gerðir vinnuvéla.

Upplýsingar og skráning í sínum 570 7290, 897 0601 og á vefsíðu [www.lfi.is](http://www.lfi.is)

**LÍ**  
Löntæknistofnun

# Hefði í rauninni átt að vera löngu dauður

Jónatan Ingi Ásgeirsson er flestum kunnur sem við sjávarútveg starfa. Hann er einn af þeim sem nefnt er að hafi sjómennskuna og veiðieðlið í blóðinu. Fór ungur til sjós og varð snemma mikill aflamaður. Kallar ekki allt ömmu sína í sjómennskunni. Hann er einn af þessum sjóhundum sem virðast hafa mjög þykkan skráp við fyrstu sýn. Þegar nánar er að gáð er hann ljúfmennskan ein. Hann er þó fastur fyrir ef því er að skipta og að lenda í honum í essinu sínu er hverju manni ógleymanlegt. Þá getur hvesst mjög skyndilega. En áður en varir er aftur dottið í dúnalogn.



Á dögunum var þess minnst að tíu ár voru liðin frá snjóflóðinu hörmulega í Súðavík sem kostaði 14 manns lífið. Þá rifjuðu fjölmörg upp atburðarásina dagana eftir flóðið og uppbygginguna sem síðan hefur staðið yfir í Súðavík. Nú sér fyrir endann á henni.

Meðal þess sem menn minnst úr björgunarstarfinu var frækileg frammistaða áhafna þeirra skipa sem sigldu þessa óveðursdaga milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Í fávíðri tókst skipstjórum að stýra skipum sínum heilum á milli með björgunarlið, björgunartæki og fleira sem á milli þurfti að komast þessa daga.

Jónatan stóð við stýrið á Haffara þessa daga. Alagið var mikið og hann skeytti lítt um heilsu sína frekar en

aðrir þeir sem að björgunarmálum komu þessa daga.

Eftir að eiginlegu björgunarstarfi lauk fylgdu miklir álagsmánuðir hjá Súðavíkum. Sú uppbygging hefur skilað að fallegu og friðsælu þorpi við Álftafjörð.

Jónatan hafði alla tíð verið frekar heilsuhausstur maður. Þéttur á velli og mikið hraustmenni. Um haustið bilaði heilsan og við tók þrautaganga sem færði hann næstum í gröfina. Það hefur ekki verið á margra vitorði hvað í raun gerði þetta hraustmenni að þeim heilsulausa manni sem hann var orðinn. En – sem á augabragði er hann á ný orðinn ímynd hreytinnar. Spengilegur – í það minnsta miðað við suma –, bjartur og brosandí.

Það er nú ekki stíll Jónatans að vera með neitt helvítis væl. Hitt er annað mál að honum finnst að reynsla sín gæti orðið einhverjum hjálp. Að einhver kunnir að vera lokaður inni í vítahring heilsuleysis sem á sér kannski tiltölulega einfaldar skýringar þegar betur er að gáð. Hann fór á endanum í magaaðgerð sem gjörbreytt hefur heilsu hans til hins betra. Með sögu sinni er hann ekki að áfella nokkurn mann.

Honum er efst í huga þakklæti til alls þess hjúkrunarfólks og lækna sem hafa stundað

– viðtal við Jónatan Inga Ásgeirsson, aflamann og skipstjóra, þar sem sjómennska kemur að vísu lítið við sögu

hann og þolað undanfarin ár. Að ekki sé nú minnst á Lilju Ósk og börnin.

Jónatan settist niður einn morguninn og féllst á að segja lesendum frá leið sinni frá heilsu og til heilsu á ný.

Það má í raun rekja upphaf minna erfiðleika til snjóflóðanna í Súðavík árið 1995. Ég hafði lengi strítt við þvagsýrugigt og þegar komið var fram á haust var ég orðinn svo veikur að ég gat ekki hreyft mig. Ég var búinn að vera í sambandi við mína lækna og segja þeim að ég hlyti hreinlega að vera að drepast. Helgi Jónsson gígtarlæknir á Landspítalanum sagði mér einn daginn að koma suður til sín í rannsókn. Það varð mér til happs að ég flaug strax daginn eftir, sem var laugardagur. Næstu sjö daga var nefnilega ekki flogið suður vegna veðurs.

Ég gisti á Hótel Sögu því ég fattaði ekki að óska þess að vera lagður inn á bráðadeild, sem þá var til staðar. Um kvöldið var mér boðið í heimahús í mat og ég drakk bjór með. Daginn eftir átta ég mig á því að ég hafði ekkert pissað lengi. Seinna kom í ljós að nýrun í mér höfðu stoppað á laugardeginum um svipað leyti og ég flaug suður. Við mælingu á kreatíní, sem gefur til kynna hversu vel nýrun vinna, kom í ljós að það var komið í 1447 en á að vera 110. Það var því um að ræða algjört nýrnastopp. Á þriðjudeginum var síðan hægt að koma þeim af stað aftur. Þegar það hafði tekist var ég settur á sterk steralyf til þess að halda nýrunum gangandi.

Sú lyfjagjöf var í rauninni upphafið að minni þrautagöngu. Jafnframt var ég tekinn af þeim lyfjum sem ég var á vegna gígtarinnar. Ég hef alltaf verið þéttvaxinn en eftir að ég fór á steralyfin fór ég að fitna úr hófi fram. Ég þyngdist um 10-20 kg sum árin og í haust var ég mér til mikillar skelfingar orðinn 170 kíló að þyngd. Sem dæmi hversu fljótt ég þyngdist má nefna að sumarið 2003 þyngdist ég um 10 kíló.

**Mikið álag gerði útslagið**



Jónatan ásamt tengdasyntu sínu og barnabarni á fimmtugsafmæli sínu í júlí 2003.

Það er mjög erfitt að segja af hverju nýrun stoppuðu. Rótin liggur sennilega, að mati lækna, í því að ég var á blóðþrýstingslyfjum og gígtarlyfjum. Í einu tilfelli af þúsund falla ákveðin lyf af þeim gerðum ekki saman. Dagana og mánuðina eftir snjóflóðin var ég undir gríðarlegu álagi og ofkeyrði mig í raun þó ég hafi ekki tekið eftir því. Oft vakti ég mig vitlausan á þessum tíma og þá fór einhver keðjuverkun af stað sem endaði í því að nýrun gáfust hreinlega upp. Eftir að þeir komu þeim af stað lenti ég í vítahring sem ég er fyrst núna að losna út úr.

Haustið 2003 var þannig komið fyrir mér að ég gat mig varla hreyft. Ég var alltaf þreyttur og algjörlega þreklaus. Ég komst með naumindum um borð og gat híft mig upp í brú. Þaðan hreyfði ég mig ekki allan túrinn. Ég var hreinlega að springa.

**Ekki var karlinn beysinn**

Margrét Árnadóttir nýrnasérfræðingur fór fyrst að ræða við mig að fara í magaaðgerðina. Hún taldi að ég ætti að þola þá aðgerð. Málið var að ég var orðinn svo slappur að flestir læknar efuðust um að ég þyldi svæfingu á þessum tíma. Margrét hefur verið mín stoð og stytta lengi og taldi að ég ætti að komast í gegnum þetta. Hún pantaði fyrir mig aðgerðina að lokum. Hún var sem nýrnasérfræðingur áhugasöm um að sjá hvernig maður með eins mikla nýrnabilun og ég myndi pluma sig eftir aðgerðina. Hún sagði, að ef mér tækist að létta mig með þessari aðgerð, þá myndi það létta mjög á nýrunum. Hún sótti um fyrir mig í janúar 2003 og ég var lagður inn á Reykjalund í október sama ár í undirbúning sem átti að standa í fimm vikur.

Þegar ég kom þangað inn vissi ég að ég væri illa farinn. Að ég væri hins vegar orðinn eins slæmur og síðar kom í ljós óraði hvorki mig fyrir né nokkurn af þeim læknum sem ég gekk til.

Þegar ég kom inn á Reykjalund átti að mæla þrekíð í kappanum. Þá var ég að koma beint af sjónum og taldi nú í góðu lagi að fara í þrekþróf. Þegar búíð var að koma mér fyrir á þrekþrólinu og setja á mig haug af nemum, þá biður lækinn mig að fara rólega af hjólinu og leggja á bekk sem hann var með. Ég gerði það auðvitað en spurði jafnframt hvað væri að. Hann spurði mig, mjög alvarlegur á svipinn, hvort ég hefði verið að koma af sjónum og ég játti því auðvitað. Hann sagði þá að blóðþrýstingurinn væri 120/180 og það væri því eitt-hvað stórkostlegt að mér og rétt væri að ég hreyfði mig ekki neitt. Hann trúði því ekki að ég hefði tveimur dögum



áður setið í brúnni á Andey.

## Kæfisvefninn

Nú, síðan tók ekki betra við eftir fyrstu nóttina á Reykjalandi. Ég var bókstaflega að æra alla með hrotum og því var sett á mig tæki til þess að mæla hvort ég væri með kæfisvefn. Hún Lilja mín hafði nú reyndar kvartað undan hrotum í mér lengi og var oft að nefna við mig að henni fundist ég hætta að anda inn á milli hrotanna. Ég var nú að stríða henni með því að það væri örugglega vegna þess að hún hefði brotið í mér svo mörg rifbein við það að reyna að vekja mig.

Eftir mælinguna kom í ljós að súrefnismettunin í blóðinu var komin niður í 57 en hún á helst að vera yfir 90. Það sem verri var, ég stoppaði að anda rúmlega 50 sinnum á klukkustund og lengsta stoppið stóð yfir í 74 sekúndur. Læknarnir sögðu að þegar svona væri komið væru blóðþrýstingslyf hætt að virka og því væri kominn skýringin á háum alltof háum blóðþrýstingi þrátt fyrir lyfjagjöf.

Þetta slæma ástand mitt gerði það að verkum að það sem átti að vera fimm vikna undirbúningstímabil fyrir aðgerð varð að ellefu vikum. Ég slapp heim á Þorlákssmessu 2003 og var þá orðinn þrettán kílóum léttari en þegar ég fór inn á Reykjaland.

## Súrefnisvélina

Það var strax ráðist gegn kæfisvefninum með því að ég var látinn sofa með súrefnisgrímu. Hún virkaði mjög vel en til þess að hún virkaði að fullu varð að dæla til mín súrefni af fullum krafti svo það hefði áhrif. Svo mikill var krafturinn að þegar ég tók grímuna af mér fuku blóð á borðum. Um leið og þessi súrefnishjálpar var farin að virka fór mér að líða betur. Þá loskins gat ég hvílst. Smám saman opnuðust augu mín og lækna minna fyrir því að ég hafði ekki um langt árabíl hvílst að fullu.

Það er ljótt að segja það, en staðreyndin er sú að ég hefði í raun átt að vera löngu dauður þegar ég kom inn á Reykjaland. Ég var nú reyndar sannfærður um að ég væri með kransæðasjúkdóm á háu stigi, en annað kom í ljós.

Þetta var orðinn einn víthringur. Þegar ég var tekinn af gigtarlyfjunum eftir nýrnabilunina blossaði gigtin upp. Hún er þess eðlis að allir liðir bólgnu út. Sem dæmi má nefna að ég gat á tímabili ekki notað venjulega skó því ég var svo bólgin á fótum. Því gekk ég einungis í sandölum sem hægt var að strengja á fæturna. Sterarnir gerðu það svo að verkum að ég fitnaði og fitnaði eins og ég sagði. Aukin þyngd kallaði á kæfisvefn sem aftur hafði þau áhrif að virkni lyfja minnkandi.

## Hrotturnar vöktu alla í Hveragerði

Það er auðvitað rosalegt að sjá hvað svona dulinn sjúkdómur eins og kæfisvefninn getur haft mikil áhrif. Það var orðið þannig, að þegar ég var í landi svaf ég nánast úti í glugga því ég fékk aldrei nægilegt súrefni, að mér fannst. Þó gerði ég mér ekki grein fyrir því að ég þjáðist af kæfisvefni. Alltof margir afgreiða kæfisvefn einfaldlega sem miklar hrotur. Málið nær sjaldnast lengra en svo, að makinn þjáist og ýtir og kvartar góðlátlega.

Staðreyndin er sú að þetta er stórhættulegur og mjög límskur sjúkdómur. Sem dæmi um hvað fólk er seint að átta sig á þessu ferli er að einu sinni var ég á Heilsuhælinu í Hveragerði á þessum árum. Fyrsta kvöldið fór ég að sofa og lokaði að mér í mínu herbergi. Um nóttina vakna ég við það að hjúkrunarkona er að hrista mig til. Hún spyr mig, þegar ég opna augun, hvort ég viti að ég hrjóti. Ég sagði að ég hefði einhverja hugmynd um það. Ja, sagði hún, það eru allir á deildinni úrvinda af þreytu og ráfa hér um gangana af svefnleysi vegna þess hvað þú hrýtur hátt. Ég sagði henni nú bara að ég væri líka þreyttur og sneri mér á hina hliðina og hélt áfram að hrjóta.

Nú er ég ekki að hallmæla þeirri ágætu stofnun sem Heilsuhælið í Hveragerði er með því að segja þessa sögu. Ég er bara að undirstrika hversu algengt það er að miklar hrotur eru ekki settar í samhengi við kæfisvefn. Í öllum mínum sjúkrahús- og heilsuælisvistum hafði engum dotti í hug eða haft orð á því að ég gæti verið með kæfisvefn. Fljótlega eftir að slegið hafði á kæfisvefninn fór ég að styrkjast. Þegar ég kom inn á Reykjaland gat ég ekki gengið nema nokkra metra á jafnsléttu. Það jókst smám saman.

## Magaadgerðin

Magaadgerðin heppnaðist mjög vel. Ég var alltaf sannfærður um það. Mig hafði dreymt vel dagana fyrir hana þannig að ég var alveg rólegur. Konan og margir aðrir voru stressaðir. Ég mætti klukkan hálfátta að morgni 27. janúar á síðasta ári. Mér var skellt beint inn og aðgerðin var gerð í gegnum fimm lítil göt á maganum. Menn höfðu áhyggjur af nýrunum en þau klikkuðu ekki. Ég man að þegar ég vaknaði sá ég að klukkan var korter yfir ellefu. Það fyrsta sem ég hugsaði var að fyrst klukkan væri ekki meira en þetta, þá væri ég ekki dauður. Aðgerðin heppnaðist lygilega vel eins og ég sagði áðan.

Aðgerðin felst í stuttu máli í því að heft er fyrir 90% af maganum. Þessar aðgerðir hafa verið framkvæmdar í Bandaríkjunum í 15 ár. Fyrstu árin höfðu menn miklar áhyggjur af því hvað myndi gerast með þann hluta magans sem heft var fyrir. Tilgátur voru um að krabbamein gæti myndast þar en sem betur fer hefur

ekkert slíkt gerst. Sá hluti sem heft er fyrir liggur bara dauður og blaktir með. Um leið er gerð hjáveita þannig að allt það feitasta rennur framhjá og veldur óþægindum, þannig að maður hættir að borða slíkan mat. Sem dæmi má nefna rjóma og feitt kjöt.

Fyrstu dagana eftir aðgerð máttu dreypa á súpu. Í hálfan mánuð þar á eftir máttu drekka sigtaðar súpur. Síðan tekur við nokkurra daga tímabil sem þú ert á hökkuðu fæði og síðan getur maður byrjað að borða rólega. Ég fór eftir þessum reglum í hvívetna því ég vildi ekki eyðileggja góðan árangur aðgerðarinnar. Flestir bregðast þannig við. Hins vegar eru dæmi um að fólk hafi reynt að hakka heilu pítsurnar og borða þrátt fyrir að það sé ekki fært um það.

Þessi aðgerð verkar misjafnlega vel á fólk. Í heildina er árangurinn mjög góður. Hjá flestum er það þannig að þeir verða saddir af þeim örtilta mat sem þeir geta innbyrt. Örfáir hafa hins vegar óþrjótandi matarlyst áfram og þeir lenda í vandræðum.

Ég hef verið mjög heppinn hvað þetta varðar. Ég hef ekki haft mikla matarlyst. Hef frekar þurft að passa mig að borða nóg frekar en of mikið. Sem dæmi um stærðarhlutföll má segja að fótbolti sé minnkaður niður í stærð á einu eggi. Árangurinn af aðgerðinni er sá að síðan ég fór inn á Reykjaland í undirbúning hef ég lést um 70 kíló. Þetta er rúmt ár þannig að ég þarf ekki að kvarta. Mér hefur gengið eins og í flygasögu. Um jólnýngd-ist ég um tæpt kíló, sennilega vegna sælgætisáts. Það kíló er löngu farið aftur.

## Kílóin fjúka, sjúkdómarnir hverfa

Það eru hins vegar ekki bara þau kíló sem eru fokin sem eru eina kraftaverkið. Margir af þeim sjúkdómum sem hrjáðu mig eru á hröðu undanhaldi. Ég var kominn með áunna sykursýki á háu stigi. Þar var batinn svo skjótur að læknarnir voru ekki nógu fljótir að minnka við mig lyfjaskammtinn, þannig að í sumar lenti ég í talsverðu áfalli af þeim völdum. Ég fékk nokkur konar sykurfall, sem lýsir sér í því að maður sér allt margfalt og missir smám saman allan mátt. Þegar ég lenti í þessu var ég að keyra Óshlíðina út í Bolungarvík. Ég var að sækja Lilju mína og man síðast eftir mér við gömlu sorpeyðingarstöðina. Þar reyndi ég að hringja eftir hjálp en tókst það ekki því ég hafði ekki mátt eða gat ekki séð réttu takkana á símanum. Einhvern veginn hef ég samt getað keyrt út eftir þar sem konan fann mig eftir nokkra leit. Hún keyrði með mig inn á Ísafjörð. Læknar þar héldu að ég væri með heilablóðfall.

Mér varð það hins vegar til happs, að á meðan við vorum að bíða eftir sambandi við

lækni biðum við heima hjá Sædísí dóttur minni á Ísafirði. Þar greip ég bana og borðaði hann á leiðinni á sjúkrahúsið. Þessi banani gerði sitt gagn, þannig að það kom í ljós hvers keins var. Ég var ekki með heilablóðfall heldur var ég á of miklum sykursýkislyfjum. Það hreinlega gleymdist að stilla lyfjagjöfina við líkamann sem sífellt minnkaði. Þarna voru sykursýkislyfin hreinlega öll tekin af mér og síðan hef ég ekki fundið fyrir sykursýki. Ég mæli mig að sjálfsögðu reglulega en ég er í góðu jafnvægi.

Í júlí fann ég að ég gæti hætt að nota vélina við kæfisvefninum. Ég fór suður til Lækna-anna og sagðist vera að skila vélinni því ég hefði ekki þörf fyrir hana lengur. Þeim leist nú ekki á málið. Báðu mig að vera með hana lengur. Ég stóð fastur á mínu og sagði þeim að Lilja væri hætt að ýta í mig, sem væri merki þess að ég væri heill. Þeir brostu í kampinn, læknarnir, en ég lofaði þeim að koma aftur við hjá þeim næst þegar ég kæmi suður. Ég gerði það og þá kom ég fínt út úr mælingum. Þeir ætluðu ekki að trúa sínum eigin augum. Báðu mig að koma einu sinni enn og þá játuðu þeir sig sigraða. Súrefnismettunin var komin í 95 sem er mjög gott. Lyfjagjöfin vegna blóðþrýstingsins er á niðurlæið og einnig eru nýrun farin að starfa það vel að þar hefur líka verið minnkuð lyfjagjöf.

Þetta eru miklar framfarir á ekki lengri tíma. Læknar gefa mér góðar vonir um að blóðþrýstingurinn muni minnka en þá frekar. Hvort ég losna algjörlega undan lyfjum við háþrýsting skal ég ekki segja. Það er háþrýstingur í ættinni þannig að það er frekar ólíklegt að ég losni alveg við lyf. Það kemur í ljós.

## Undanfarið ár hefur verið sæla

Undanfarið ár hefur verið ein sæla. Ég var orðinn svo máttfarinn að það var ekki bara bundið við líkamlega líðan. Það var farið að hafa áhrif á mína andlegu líðan líka. Þegar ég var á mestu sterunum vegna nýrnanna var ég bókstaflega að verða brjáláður og það bitnaði auðvitað mest á mínum nánustu. Nú er ég allur annar. Mér finnst lífið brosa við mér.

Læknar hafa hins vegar verið duglegir að halda mér á jörðinni. Sagt mér að passa mig á því að hef ofmetnast ekki. Nýrun geta ennþá klikkað fyrirvaralaust því þau voru það illa farin. En er á meðan er. Í dag finnst mér ég finni varla nokkurs staðar til. Það sem hrjáði mig er lítils háttar aukaverkanir vegna þess hvað ég hef lést hratt. Ég lít hins vegar vel út og hjartað og æðakerfið virðist alveg hafa sloppið frá þessari raun. Í dag líður mér þetta en mér hefur liðið í fimmtán ár. Þessi áratugur frá snjóflóði hefur verið algjör martröð sem vonandi er nú á enda.



Þessi mynd af Jónatani var tekin í nóvember og sýnir hann í skyrtu sem hann gekk í fyrir aðgerðina.

Margir hafa velt því fyrir sér hvornig ég fór að því að vera til sjós svona á mig kominn. Ég get sjálfur ekki svarað því. Þegar verst lét lá ég í kojunnunni á sjónum öskrandi af kvölum. Það sem auðvitað hjálpaði til var að mér hefur alltaf gengið vel að fiska og kannski hafa menn horft í gegnum fingur sér við mig af þeim sökum, þegar ástand mitt var verst. Annars hefðu þeir verið búnir að losa sig við mig.

Ég held þetta hafi nú ekki verið út af neinni hörku í mér að ég hélt þetta út. Mannskempan er svo fljót að verða samdauna ríkjandi ástandi. Þetta kom bara smám saman. Þegar ég finn í dag hvað ég get og sé myndir af mér frá því fyrir rúmu ári, þá geri ég mér grein fyrir hversu veikur þessi maður var orðinn. Það var ekki af neinni sérstakri hörku að ég var uppstandandi, heldur bara af einhverjum vana. Ég skreið um borð og ég skreið frá borði. Eina vandamálið í dag er að ég fari mér ekki um of. Mér finnst allt svo lítið ákvöldin að ég hef farið of geyst í vinnu.

## Ég sakna einskis

Það hafa nærri fjögur hundruð manns hérlandis farið í þá aðgerð sem ég fór í. Hjá flestum hefur þetta gengið mjög vel, þannig að ég get ekki annað en hvatt fólk sem á kost á því að fara í þessa meðferð að láta slag standa. Hins vegar verður fólk að átta sig á því að þegar þú ferð í þessa aðgerð, þá verður ekki aftur snúið. Þú ferð ekkert inn á veitingastað mánuði síðar og pantar stórsteik. Það er liðin tíð. Eins og

– Halldór Jónsson.

## Hnefaleikafélag Ísafjarðar fær rússneskan þjálfara

# Stefnt að keppni um páskana

Hnefaleikafélag Ísafjarðar hefur ráðið rússneskan þjálfara og hefur hann þegar hafið störf hjá félaginu. Þjálfarinn er mjög reyndur í sínu fagi og hefur að undanförmu þjálfað á höfuðborgarsvæðinu. Áður var hann m.a. aðstoðarþjálfari norska landsliðsins. Æfingar hafa nú hafist að nýju hjá Hnefaleikafélaginu og mun hinn nýi þjálfari sjá um þjálfun eldri flokka en Lárus Mikael Knudsen þjálfar yngri flokka félagsins.

Að sögn Lárusar hefur starfsemi félagsins verið í nokkurri lægð að undanförmu vegna aðstöðuleysis en nú hefur verið blásið til sóknar með ráðn-

ingu hins nýja þjálfara. Æfingar fara fram í Studio-Dan en félagið er á höttunum eftir varanlegu húsnæði undir starfsemi. Lárus segir hnefaleika oft vera stundaða frá 10 ára aldri og þau yngstu stunda svokallað Diploma-box þar sem áherslan er eingöngu lögð á tæknunnáttu enda séu hnefaleikar ein besta alhliða íþróttgreinin sem hægt er að stunda.

Lárus segir að Hnefaleikafélag Ísafjarðar muni senda keppendur á þau mót sem haldið verður í vetur. Sem kunnugt er var fyrsta hnefaleikamótið í hálföld haldið á Ísafirði um síðustu páska. Lárus segir



Frá hnefaleikamóti sem haldið var á Ísafirði síðasta vetur.

annað slíkt mót í undirbúningi um næstu páska enda voru undirtektir áhorfenda góðar á síðasta móti. „Við stefnum að því að gera hnefaleikakeppni

um páska að föstum lið í hátíðarhöldum Skíðavikunnar enda er áhugi á þessari vinsælu íþrótt mikill hér vestra“, segir Lárus.

Þeir sem vilja fræðast meira um starfsemi Hnefaleikafélags Ísafjarðar geta haft samband við Lárus í síma 848-6042.

– hj@bb.is

## Færsla sjóvarnargarðs í athugun

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur falið hafnarstjóra að safna saman gögnum varðandi sjóvarnir og sjóvarnaráætlun og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar. Þetta var ákveðið í kjölfar umræðna á fundi stjórnarinnar fyrir skömmu um stöðu sjóvarna við Fjarðarstræti eftir óveðrið 2.-5. janúar. Segir í bókun stjórnarinnar að þá hafi sjór gengið nánast óbrotinn upp að byggingum norðanvert við Fjarðarstræti. Er hafnarstjóra sérstaklega falið að athuga hvort möguleiki sé á því að færa sjóvarnargarð við Fjarðarstræti utar þannig að hann verji hús við götuna betur.

– hj@bb.is

## Útboð – Ferjuleið



05-001: Vigur – Æðey 2005 -2010

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í rekstur á ferjuleiðinni Ísafjörður - Vigur - Æðey, þ.e. að annast flutninga á farþegum og vörum með ferju.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 17, 105 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 31. janúar nk. Verð útboðsgagna er 2.000.- kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 15. febrúar nk. og verða tilboð opnuð kl. 14:15 sama dag.

## Daniel Lapp leikur með Robin Nolan tríóinu í Edinborgarhúsinu

# Einn fjölhæfasti djasstónlistarmaður samtímans

Ísfirskir djassgeggjar fá eitthvað fyrir sinn snúð annað kvöld þegar fiðlu- og trompetleikarinn Daniel Lapp leikur með Robin Nolan tríóinu á tónleikum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Að sögn Guðmundar Kristjánssonar sem heldur tónleikana er hér um heimsfræga tónlistarmenn að ræða. „Ég stend að þessu í samstarfi við Django-djassklúbb Akureyrar, en mennirnir spila einmitt svokallaðan Django djass“, segir Guðmundur og vísar þar til franska sígaunans Django Reinhardt sem var talinn áberandi besti gítarleikari í heimi á fyrri hluta síðustu aldar.

Robin Nolan er af mörgum talinn meðal bestu djassgítarleikara heimsins og er eftir-



sóttur víða um lönd. Daniel Lapper tvímælaust einn fjölhæfasti djass- og þjóðlagatónlistarmaður samtímans. Þann-

ig hefur hann leikið á níu hljóðfæri opinberlega á tónleikum. Tónleikarnir hefjast klukk-

an 21. Miðaverð er 1.500 krónur og hefst miðasala við inn- ganginn klukkan 20.

– halfdan@bb.is



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

**Hákon Salvarsson**  
bóndi, Reykjarfirði

verður jarðsönginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 29. janúar kl. 14.

Steinnun Ingimundardóttir

Ragnheiður Hákonardóttir Guðbjartur Ásgeirsson

Ingimundur Hákonarson

Salvar Hákonarson

Marínó K. Hákonarson

Júlía B. Þórðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

## Sælkeri vikunnar • Erla Kristjánisdóttir á Ísafirði

### Indverskur blómkálsréttur

Sælkeri vikunnar býður upp á tvær uppskriftir sem henta vel svona eftir jólin. Skonupizza er af sænskum ættum og segir Erla hana vera ágæta tilbreytingu við hefðbundna pizzu. Blómkálsrétturinn er indverskur en indversk matargerð er í uppáhaldi hjá Erlu. Hún segir hann vera fínn aðalréttur en líka sem meðlæti með kjöti eða fiski. Í þessari uppskrift er notað karrý en hægt er að nota aðrar indverskar kryddblöndur eins og tandoori eða garam masala.

#### Gobi Aloo

1 stórt blómkálshöfuð  
3-5 soðnar kartöflur  
3 msk olía  
1 laukur  
3 hvítlausrif  
1 tsk kumin frá (ósteytt broddkúmen)  
3 tsk karrý  
1½ dl vatn  
salt

Brjótið blómkálið í litla kvisti og skerið kartöflurnar í bita. Saxið laukinn og léttsteikið í olíu. Hrærið söxuðum hvítlauknum og kryddinu saman við. Blómkálinu er bætt út

í og steikt í 2 mín. Bætið að lokum kartöflunum og vatninu út í. Látið malla undir loki við vægan hita í 5 mín. eða þar til blómkálið er hæfilega meyrnt en ekki lint. Saltið áður en rétturinn er borinn fram.

#### Skonupizza

3 egg  
5 dl mjólk  
1 tsk salt  
Þeytt saman  
2¼ dl hveiti  
1 msk brætt smjör  
Þeytt saman við  
Hellið deiginu, sem er mjög



þunnt, í smurt mót og bakið í 20 mín við 200° C. Takið úr ofninum og fylling sett út á. Bakið áfram þar osturinn

byrjar að brúnast. Í fyllinguna má setja t.d. skinku, tómata í sneiðum og rifinn ost eða nota hefðbundið pizzuálegg.

Ég hef heyrt að Már Óskarsson sé góður kokkur. Mig langar að sjá eitthvað af uppskriftunum hans.

Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins haldið á föstudag

# Glæsileg dagskrá í tilefni 60 ára afmælisins

Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík verður haldið á Hótel Íslandi á föstudagskvöld. Ísfirðingafélagið verður sextíu ára í vor og af því tilefni verður dagskrá sólarkaffisins óvenju glæsileg að þessu sinni að sögn Ólafs Hannibalssonar formanns félagsins.

Hápunktur dagskrárinnar verður flutningur á „Ísfirskum perlum“ undir stjórn Baldurs Geirmundssonar hljómsveitarstjóra. Þar munu víðfrægir hljómlistarmenn frá Ísafirði koma fram og flytja allar helstu perlu sínar. Hljómsveit undir stjórn B.G. mun síðan leika fyrir dansi. Veislustjóri kvöldsins verður Dýrfinna Torfadóttir og ræðumaður kvöldsins verður Hjálmar H. Ragnarson. Einnig munu þeir Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson skemmta gestum. Vilberg Viggósson mun leika ljúfa tónlist á meðan á borðhaldi stendur.

Á undanförunum árum hefur Sólarkaffið verið í Súlusal Hótel Sögu en eins og áður sagði verður það nú á Hótel



Frá sólarkaffinu í fyrra.

Íslandi. Ólafur segir að á undanförunum árum hafi verið upptækt í Súlusalnum og vegna þessara tímamóta í starfi félagsins hafi þótt rétt að færa samkomuna í stærri sal. „Við sem að sólarkaffinu stöndum

efumst ekki um að þessi glæsilega dagskrá mun vekja með fólki mikla löngun og eftirvæntingu og því efumst við ekki um að Ísfirðingar muni fjölmenna sem ávallt fyrr. – hj@bb.is

## Stútungur, þorablót Flateyringa

# Haldinn í „langsjötugasta sinn“

Stútungur, þorablót á Flateyri, verður laugardaginn 12. febrúar haldinn í „langsjötugasta sinn“ eins og aðstandendur komast að orði. Árið 2003 var vegna mistalningar sagt að Stútungurinn væri sjá sjötugasti, og í fyrra var hann því aftur haldinn í sjötugasta sinn.

„Þessi hlýtur því að vera sá langsjötugasti“, segir Halldór Gunnar Pálsson, einn þeirra sem að Stútung standa. „Hann

verður haldinn í þróttahúsinu á Flateyri. Síðustu ár hefur Stútungur verið annaðaður fyrir vegleg skemmtiatriði og hafa heilu revíurnar verið samdar af þessu tilefni.“

Hljómsveitin Margrét og Baldur leika fyrir dansi. Miðaverð er 4.500 krónur og er innifalinn matur frá SKG-veitingum, skemmtun og ball. „Gengið verður í hús á Flateyri föstudaginn 28. janúar og þátt-

taka skráð. Stútungur er þó fyrir alla, Önfirðinga og aðra, sem á annað borð hafa náð 18 ára aldri. Um frekari upplýsingagjöf og skráningar sjá Gógó í síma 864-5323 og Steinþór í síma 896-0538“, segir Halldór.

Að lokum má benda áhugasömum á að skrá sig fyrir 7. febrúar, en frekar má fræðast um Stútung á heimasíðunni flateyri.is. – halfdan@bb.is

## Dægurlagakeppni á Króknum 2005

Hin árlega dægurlagakeppni á Sauðárkróki verður haldin í byrjun maí (nánauglýst síðar). Höfundar laga skulu skila inn lagi og texta fyrir 15. febrúar 2005 merkt:

Dægurlagakeppni á Króknum 2005, Pósthólf 48, 550 Sauðárkróki.

Höfundar laga skulu merkja lög með dulnefni og láta fylgja með nafn, heimilisfang og símanúmer í lokuðu umslagi. Nánari upplýsingar verða gefnar í síma 867 8206.

Dægurlagakeppni á Króknum 2005

# Vaxtarsamningur Vestfjarða

til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar

Kynningarfundur – skýrsla verkefnisstjórnar um byggðaaætlun Vestfjarða, haldinn í Stjórnsluhúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 2. febrúar kl. 12:45

### Dagskrá:

- Kl. 12:45** Skráning
- Kl. 13:00** Ávarp  
*Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra*
- Kl. 13:10** Niðurstöður og tillögur  
*Baldur Pétursson, formaður Verkefnisstjórnar byggðaaætlunar Vestfjarða*
- Kl. 13:40** Collaborating to Compete – Clusters and Networks/Strategic  
*Mr. Ifor Flowes-Williams, forstjóri Cluster Navigators Ltd. Nýja Sjálandi*
- Kl. 14:30** Klasar, samstarf í samkeppni  
*Sævar Kristinsson, framkvæmdastjóri Netspor*
- Kl. 14:45** Kaffi
- Kl. 15:00** Ísafjarðarbær, byggðakjarni og þjónustumiðstöð Vestfjarða  
*Halldór Halldórsson, bjarstjóri Ísafjarðarbajar*
- Kl. 15:15** Sjónarmið og áherslur aðila á svæðinu  
*Póroftur Halldórsson, sýslumaður á Patreksfirði*  
*Kristján G. Jóhannsson, framkvæmdastjóri á Ísafirði*  
*Asdís Leifsdóttir, sveitarstjóri á Hólmavík*  
*Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri 3X Stál á Ísafirði*
- Kl. 16:00** Fyrirspurnir og almennar umræður
- Kl. 16:30** Fundarlok

Fundarstjóri er Birna Lárusdóttir, forseti bjarstjórnar Ísafjarðarbajar. Þátttaka á fundinn tilkynnist til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða í síma 450 3000

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Verkefnisstjórn um byggðaaætlun Vestfjarða

**Fasteignasala**  
Tryggvi Guðmundsson hdl.  
www.tg.is

**Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!**

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
Hafnarstræti 2, Ísafirði  
Sími: 456 3244  
Fax: 456 4547  
Netfang: algin@tg.is  
Heimasíða: www.tg.is

**Einbýlishús:**  
Mánagata 2: 148 m<sup>2</sup> íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt 23,7 m<sup>2</sup> nýrri viðbyggingu. Verð 7,9 m.kr.  
Bakkavegur 4b: 100 m<sup>2</sup> látið einbúð, að hluta upp. ásamt nýri viðbyggingu. Verð 3,5 m.kr.  
4-6 herbergja íbúðir:  
Mjallargata 1: 140 m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæðum, sérinnangangur af svölum. Verð 9,5 m.kr.  
Silfurgata 6: fimm herbergja íbúð á 2. h. ásamt geymslu í kjallara. samtals 212 m<sup>2</sup>. Verð 8,2 m.kr.  
Sundstraeti 34: 140 m<sup>2</sup> nýleg fjögurra herbergja íbúð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 11,2 m.kr.

**Atvinnuhúsnæði:**  
Hrannargata 2: 164 m<sup>2</sup> verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. Verð 4 m.kr.  
Árnagata 3: 562 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði við hafnarvæði. Stort og rúmlegt smíðaverkstæði með skrifstofuástöðu. Tilboð óskast  
Sindragata 14: 534 m<sup>2</sup> stál-gindartús á einni hæð. Nýtt avinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. Verð 25 m.kr.

**Raðhús:**  
Túngata 12: 90 m<sup>2</sup> íbúð á miðhæð í þrjúbýlishúsi ásamt bílskúr og garð. Verð 7,9 m.kr.  
3ja herbergja íbúðir:  
Stórhol 7: 75 m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli. Verð 5,3 m.kr.  
Sólgata 8: 68 m<sup>2</sup> íbúð á neðri

hæð í þrjúbýlishúsi. Álv. ca. 3,2 m.kr. Verð 5,3 m.kr.  
Silfurgata 11: 56,2 m<sup>2</sup> (75 m<sup>2</sup> gólf) einkidrámi í ríki. Álv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.  
2ja herbergja íbúðir:  
Engjavegur 33: 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.  
Hlíf 2, Torfnesi: 50,4 m<sup>2</sup> 2ja herb. íbúð á 4. h. á Dvalarheimili aldraðra. Verð 6,3 m.kr.  
Seljalandsvegur 58: 52,1 m<sup>2</sup> íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöf. bílskúrs. Álv. ca. 600 þ.kr. Tilboð óskast

hús á tveimur hæðum, allt nýuppgergt. Verð 8,5 m.kr.  
Vítastigar 19: 73,1 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m<sup>2</sup> bílgeymslu.  
Hjallastræti 38: 113,9 m<sup>2</sup> einbýlishús í einni hæð ásamt 59,2 m<sup>2</sup> bílskúr. Verð 6,5 m.kr.  
Stígahlíð 4: 54 m<sup>2</sup> 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

**Sumarbústaðir:**  
Sumarbústaður til flutnings: 46,4 m<sup>2</sup> sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði. Tilboð óskast.

**Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is**

## Smáauglýsingar

Á ekki einhver gamalt barnabíl-sæti sem hann er hættur að nota? Uppl. í síma 867 4383.

Einkakennsla á tölvur fyrir byrjendur og lengra komna. Kennendur eru notkun allra helstu tölvuforrita og vírusvarna og einnig uppsetning á nethegubúnaði. Uppl. í síma 867 3152 og á netfanginu [davide@visir.is](mailto:davide@visir.is)

Til sölu er Subaru Impreza árg. 1998. Mjög góður og duglegur bíll. 260 þús. kr. bílalan getur fylgt, kr. 7.500 afborgun á mánuði. Uppl. í síma 892 1694.

Þriggja herb. íbúð óskast til kaups eða leigu á Ísafirði. Uppl. í síma 867 5560.

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar heldur aðalfund fimmtudaginn 27. janúar kl. 20:30 á Hótel Ísafirði.

Þorablót Hnifsdæinga verður haldið laugardaginn 5. febrúar. Miðapantanir hjá Grétu í síma 899 3628.

Til sölu er Toyota HiLux, double cab með pallhúsi. Bensín, árg. 87, ekinn 192. þús. km. Uppl. í síma 895 4115.

Afleysingakennari við Grunnskólann á Ísafirði óskar eftir 2-3ja herb. íbúð til leigu með innbú. Er með Labrador hund. Uppl. í síma 869 5581 (Asgeir).

Til sölu er vel með farið pianó. Upplýsingar í sínum 456 3906 eða 848 0918.

Til sölu er 22cal Brno riffill með kiki og Remington 870 Express haglabýssa (pumpa). Upplýsingar í síma 864 5199.

Til sölu er koja með leikplássi undir. Uppl. í síma 893 4857.

Spilavist verður í Félagsbæ á Flateyri sunnudaginn 23. jan. kl. 15. Allir velkomnir.

Vantar 60-70 sm skíði og skíðaskó. Uppl. í síma 898 6328.

Til sölu er sturtubotn, 80x80. Á sama stað fæst þvottavél gefins sem þarfnast smá lagtæringar. Uppl. í síma 456 5203.

Goritex gönguskór fannst fyrir hægri fót fannst ofan við Ísafjarðarflugvöll á dögnum. Uppl. í síma 522 1622.

Óska eftir að ráða barnapíu til að passa endrum ogeins. Uppl. í síma 863 3851.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 1999, sjálfskiptur, dökkgrænn. Bílalan áhvílandi. Uppl. í síma 456 5050 og 891 6044.

Óska eftir skíðaklossum nr. 33. Uppl. í sínum 456 5050 eða 891 6044.

Til sölu eru Rossignol svigskiði 173 cm og skór nr. 39. Uppl. í síma 662 6747.

## Halla Signý Kristjánsdóttir, dreifbýlingur skrifar

## Beislað náttúruafl



Halla Signý Kristjánsdóttir.

Þeirra forréttinda að fá orkuverðið á gjafverði eru dreifbýlisbúar bundnir saman á bás og gert að sæta heilapvotti um að þeir séu þurfalingar og ómagar á þéttbýlingum landsins.

Það er staðreynd að Ísland er dreifbýlt og enginn getur mælt því á mót að það er dýrt að byggja þetta land. Á átjándu öld komu upp alvarlegar umræður og áætlanir um að flytja alla íbúa landsins á heiðar Jótlands. Það var hagfræðilega röng ákvörðun að hætta við það, við værum miklu betur komin þar og töluðum ódýrari tungumál.

En fyrst við hættem við þá ákvörðun þá ættum við að reyna að standa við hana og leifum dreifbýlisbúum að njóta beislaðs náttúruafls í stað þess að þeir þurfi að berjast til hita.

– Halla Signý Kristjánsdóttir, dreifbýlingur.

Að beisla náttúruaflíð boðar Orkubú Vestfjarða. Orkubú Vestfjarða er óskabarn Vestfirðinga Síðustu áratugi höfum við Vestfirðingar horft stoltum augum á barnið rísa úr vöggu sinni og leitt það til fullorðinsára, en líkt og með önnur afkvæmi þá hefur það nú tekið á flug og er flogið úr hreiðrinu. Burt frá þeim sem önnuðust það og burt frá markmiðum sínum.

Það er hart að sjá stjórnendur sem í skjóli Orkubúsins ganga nú fram í því að vera fyrstir til að hækka dreifi- og flutningskostnað á rafmagni til dreifbýlis að lármarki 50%. Þetta getur þýtt töluverða hækkun á útgjöldum fyrir heimili og fyrirtæki og þetta eru útgjöld sem varla og ekki er hægt að neyta sér um. Nema að vera kynni að íbúar í Súðavík eða Dýrafirði séu heitfengari en íbúar Ísafjarðar og Flateyrar og láti sér nægja að elda annan hvern dag. Í fréttaskýr-

ingu er talað um að með þessari hækkun sé verið að jafna kostnaði til þeirra sem stofna til hans. Sem sagt að neytandinn greiði í takt við það sem það kostar að koma rafmagninu til hans. Þessi ákvörðun rýrir tækifæri til að stofna fyrirtæki í dreifbýli, svo sem í ferðaþjónustu og í landbúnaði og fleirum greinum.

Mig langar til að velja einum fleti á þessum málum fram. Þegar talað er um mikinn dreifikostnað rafmagns til dreifbýlis, getur maður ekki annað en hugsað til þess hvaðan rafmagnið er komið. Ekki er það framleitt í kjarnaofnum á Silfurtorginu á Ísafirði. Nei, það kemur nefnilega úr því títtnefnda dreifbýli eða réttara sagt ofan af reginfjöllum. Hvað þarf til að koma því til þéttbýlisins? Jú, það þarf öflugt og kostnaðarsamt dreifikerfi sem liggur í gegnum dreifbýlið til þéttbýlisins.

Það finnst mér skjóta

skökku við ef að hækka á dreifikostnað á rafmagni til dreifbýlinga, þar sem dreifikerfið, í mörgum tilvikum, liggur við og yfir jarðir viðkomandi til að íbúar þéttbýlisins geti notið þess. Mig langar til að nefna t.d. jörðina Kirkjuból í Bjarnardal. Alveg geri ég ráð fyrir að hækkunin sé boðuð þangað líkt og til annarra staða. Dreifikerfi Orkubús Vestfjarða liggur margsinnis í gegnum þá jörð líkt og margar aðrar frá uppsprettu til enda-stöðvar. Stundum hefur maður dottið í hug að ef maður myndi líma laufblöð á allar þær rafmagnsstaurastæður á þeirri jörð myndi ekki sjá í skóginn fyrir trjám! Það mætti í þeirri merkingu snúa dæminu við. Orkubúinn ætti að greiða jarðeigendum fyrir leigufnot fyrir þær stæður sem liggja yfir jarðir dreifbýlisbúa. Þetta veldur sjónmengun og notagildi jarðanna. Má til dæmis nefna að stóran hluta jarðanna,

sem dreifikerfið liggur yfir, er ekki hægt að nýta til skógræktar fyrir staurastæðum frá Orkubúinu. Þar sem ekki er viðurkennt að planta trjám í vissum radíus frá rafmagnslögnum.

Áfram er hægt að nefna dæmi, það er hlægilegt að ábúendur Traðar í Bjarnardal þurfi að greiða 50% herra raforkuverð til að íbúar Ísafjarðar geti haldið á sér hita á lægra verði, þegar þeir geta nærri því teigt sig í dreifikerfið út um eldhúsgluggann hjá sér. Já, rafmagnsbyltingin hefur því étíð börnin sín.

Raforkufyrirtækin telja sig ekki hafa leyfi til að selja á sama verði eða niðurgreiða raforkuna til neytanda. Það væri gaman að sjá það leyfi sem þeir hafa í höndunum til að vaða yfir landareignir í einkaeign í sama vefangi sem þeir banka upp á hjá sömu jarðeigendum og rukka þá um herra verð vegna dreifingu rafmagns! Skildu bændur hafa leyfi til að láta af hendi hluta af jörðum sínum án þess að rukka fyrir það og voru þeir einhvern tímann spurðir leyfis?

Meðan stóriður fá að njóta

## Sögustundir fyrir pólsk börn

Bókasafnið á Ísafirði hefur tekið upp þá nýbreytni að hafa sögustundir fyrir börn pólskra innflytjenda sem eru duglegir að sækja safnið en sögustundir fyrir börn á aldrinum 2-5 ára hafa verið á bókasafninu árum saman. Áætlað er að hafa þessar pólsku sögustundir á föstudögum kl. 17 í safninu að minnsta kosti næstu vikurnar. Á meðfylgjandi mynd Jóhanns Hinrikssonar er Elzbieta Szyszko að lesa fyrir börnin í fyrstu sögustundinni.

– thelma@bb.is



## STAKKUR SKRIFAR

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## „Stakk verður að sníða eftir vexti“

Ómögulegt er annað en að vera sammála þessari fullyrðingu bæjarfulltrúa Frjálslyndra og óháðra, Magnúsar Reynis Guðmundssonar. Ný fjárhagsáætlun (2005) Ísafjarðarbæjar er uppspretta ummæla Magnúsar Reynis, er bendir á einföld sannindi: „Viðvarandi taprekstur Ísafjarðarbæjar er tilræði við byggðina“. Þetta kemur fram í síðasta tölublaði Bæjarins besta. Þar má einnig lesa að stærstur hluti fjármuna af sölu Orkubúsins fór til greiðslu skulda Ísafjarðarbæjar. Langtímaskuldir lækkuðu samkvæmt því um 600 milljónir króna á raunvirði frá upphafi árs 2001 til ársloka 2004. Áætlað er að við nýliðin áramót hafi verið eftir 470 milljónir af 1.430 milljón króna hlut bæjarins af söluverði Orkubúsins. Einfaldur frádráttur sýnir að 960 milljónum hefur verið ráðstafað, nærri þúsund milljónum króna, einum milljarði og að tæpur hálfur sé eftir.

Í þessu sama 3. tölublaði BB 2005, kvartar bæjarstjórnin, Halldór Halldórsson, undan því hve rekstur sveitarfélaga sé þungur og bendir á að handbært fé frá rekstri sé áætlað 45 milljónir króna á fjárhagsáætlun. Skýringar eru launahækkunir. Þeim verði mætt með hækkun á gjaldskrárum og fækkun sjö stöðugilda. Öllum er ljóst að laun kenna, bæði í grunnskólum og leikskólum hækkuðu umtalsvert. Enginn getur gengið að því gruflandi að áhrifin hljóta að verða niðurskurður. Frá því sjónarmiði er tillaga Magnúsar Reynis þess efnis að fækka stöðugildum á vegum Ísafjarðarbæjar um 30 á næstu tveimur árum, skynsamleg. Sama verður sagt um útbod reksturs skíðasvæðisins í Tungudal.

Sjálfsagt verða margir reiðir og æstir yfir því að bæjarfulltrúinn Magnús Reynir Guðmundsson sé svona harður í afstöðu sinni. En því má ekki gleyma að megin

hlutverk kjörinna bæjarfulltrúa er að sjá til þess að sveitarfélagið þeirra verði rekið innan ramma sem tekjur þess leyfa. Flóknara er það ekki. Þarfirmar eru margar, bæði raunverulegar og ímyndaðar. Án peninga verður ekkert gert og ljóst að stefnir í óefni að óbreyttu. Ábyrgð bæjarfulltrúa er mikil. Fyrst og fremst verða þeir að horfast í augu við staðreyndir og leggja þær umbúðalaust á borð fyrir íbúa sveitarfélagsins, í þessu tilviki Ísafjarðarbæjar.

Stærstur hluti Ísafjarðarbæjar af andvirði Orkubúsins fór til greiðslu skulda. En áhrifin eru þau að sögn, að 50 milljónir króna sparast í vaxtagreiðslum árlega. Sá hluti sem þegar hefur verið ráðstafað umfram það fór til löngu tímabærra fjárfestinga. Hverra er spurt? Meirihluti bæjarstjórnar leggur til hækkunar á gjaldskrárum. Magnús snýst gegn þeim. Ljóst er að fara verður að bil beggja. Skattfé fer til þjónustu. Löngu er tímabært að velja því upp hver eigi að vera hlutur samfélagsins og hver notanda þjónustunnar þegar sveitarfélög veita hana. Hve mikla þjónustu eiga sveitarfélög að veita? Spurningin verður áleitinn þegar til þess er litið að fram kom í tillögu Magnúsar Reynis fyrir tæpum hálfum mánuði, að handbært fé Ísafjarðarbæjar og stofnana hans mun hafa minnkað úr 1016 milljónum króna í árslok 2002 í 203 milljónir króna í lok þessa árs. Ekki hafa sést mótmæli við þessari fullyrðingu af hálfu meirihlutans.

Ekki blæs þyrlaga fyrir Ísafjarðarbæ. Fulltrúum í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ber að taka höndum saman þvert á flokkslínur, jafnt í meirihluta og minnihluta, vinda ofan af þessu óheilladæmi, leggja spilin á borðið og upplýsa íbúa um fjárhagsástand. Ella er um tilræði við byggðina að ræða og stakkurinn of stór.



Grisakóblettur í rasai (frystivara)

Tilboðsverð 990  
**23%**  
 afbættur á hessa  
 verð áttur 1218

**KALT - MAT**

# Tilboð 27. - 30. janúar

<p>Tilboðsverð <b>289</b> kr/kg              Íslugj heill ísvinnu kjóðingur</p>	<p>Tilboðsverð <b>40%</b>              afbættur á hessa              verð áttur 799              Þorbítur              rúðlaust og þaklaust</p>	<p>Tilboðsverð <b>30%</b>              afbættur á hessa              verð áttur 154              Ostakorn með lífráttum Ma</p>
<p>Tilboðsverð <b>1077</b>  <b>40%</b>              afbættur á hessa              verð áttur 2294              Íslandslög              þorskur kjóðingaleimur</p>	<p>Tilboðsverð <b>199</b> kr              Þessu þessu              þessuþessu þessu þessu</p>	<p>Tilboðsverð <b>30%</b>              afbættur á hessa              verð áttur 291              Þessu þessu</p>
<p>Tilboðsverð <b>99</b> kr/kg              heill áttur 198              Þessu þessu</p>	<p>Tilboðsverð <b>359</b> kr/kg              heill áttur 359              Þessu þessu þessu þessu</p>	<p>Tilboðsverð <b>30%</b>              afbættur á hessa              verð áttur 191              Þessu þessu þessu þessu</p>
<p>Tilboðsverð <b>99</b> kr/kg              heill áttur 198              Þessu þessu</p>	<p>Tilboðsverð <b>99</b> kr/kg              heill áttur 198              Þessu þessu</p>	<p>Tilboðsverð <b>20%</b>              afbættur á hessa              verð áttur 249              Þessu þessu þessu þessu  <b>KALT - MAT</b></p>
<p>Tilboðsverð <b>147</b>  <b>20%</b>              afbættur á hessa              verð áttur 184              Þessu þessu þessu þessu  <b>KALT - MAT</b></p>	<p>Tilboðsverð <b>89</b> kr/kg              heill áttur 178              Þessu þessu</p>	<p>Tilboðsverð <b>99</b> kr/kg              heill áttur 198              Þessu þessu</p>

## Samkaup úrval

# mannlífíð

Ábendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn 26. janúar,  
26. dagur ársins 2005

**Pennan dag** árið 1866 fékk Ísafjörður kaupstaðaréttindi. Íbúar voru þá 220 en voru 2.596 þann 1. des. 2003. 1. des. 2004 voru íbúar Ísafjarðarbæjar 4.131.

**Pennan dag** árið 1955 var 29 mönnum af togaranum Agli rauða sem strandaði við Grænuhlíð í aftaka fátíðri, bjargað við erfiðar aðstæður. Fimm menn fórust. Í sama veðri fórust tveir breskir togarar út af Vestfjörðum með fjórtíu mönnum.

**Pennan dag** árið 1968 fórst breski togarinn Kingston Peridot í ofsaveðri út af Öxarfirði með 20 mönnum.

**Pennan dag** árið 1980, tók Ragnheiður Guðbrandsdóttir, 101 árs Kópavogsbúi, fyrstu skóflustunguna að hjúkrunarheimili aldraðra þar í bæ.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

## ● Á þessum degi fyrir 33 árum



## Hótar EBE Íslandi?

Belgíska stjórnin hefur farið fram á það við ráðherra-nefnd Efnahagsbandalagsins að það taki til meðferðar það ástand er hafi skapast vegna þeirrar ákvörðunar Íslands að færa út landhelgina í 50 mílur.

Samkvæmt góðum heimildum í Brüssel er enginn vafi talinn leika á því að fyrirætlanir Íslendinga muni hafa neikvæð áhrif á viðræður þeirra við Efnahagsbandalagið um viðskiptasamning.

Opinberlega er sagt að núverandi landhelgi sé grundvöllur þessara viðræðna og að útfærsla landhelgarinnar muni breyta þessum grundvelli.

## ● Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

Suðvestanátt, 10-15 m/s og rigning eða súld sunnan- og vestanlands, en annars hægari og skýjað. Hlýtt.

### Horfur á laugardag:

Suðvestan- og vestanátt og rigning eða slydda, en úrkomulítið suðaustanlands. Kólnandi veður.

### Horfur á sunnudag:

Suðvestan- og vestanátt og rigning eða slydda, en úrkomulítið suðaustanlands. Kólnandi veður.

### Horfur á mánudag:

Útlit fyrir suðvestlæga átt með vætu og hlýnandi veðri.

## ● Spurning vikunnar

Myndir þú kjósa sama flokk og síðast ef kosið yrði til sveitarstjórna í dag?

Alls svöruðu 541. – Já sögðu 245 eða 45% – Nei sögðu 179 eða 33% – Óvist sögðu 117 eða 22%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## ● Hvað er að fréttu? • Sigurður Atlason, framkvæmdastjóri Strandagaldurs

## Galdrastafabækur á ýmsum tungumálum

Það er heilmargt framundan hjá okkur í vetur. Við höfum verið í samstarfi við útgáfufyrirtæki í Bretlandi um að gefa út galdrastafabækur. Þær verða litlar handhægar og stefnt er að gefa út um 7-8 bækur. Sú fyrsta fer í prentun á næstunni og fjallar hún um ástargaldrá. Þessi rit verða gefin út á ýmsum

tungumálum m.a. ensku, þýsku, og íslensku. Við eigum að skila inn handriti fyrir næstu bók í byrjun mars og þar verður fjallað um verndargaldrá.

Við erum einnig að fara á fullt í undirbúning sýningarinnar á Klúku í Bjarnarfirði en við stefnum á að opna þar í sumar. Við erum langt

komnir með byggingu kotsins sem verður miðpunktur sýningarinnar en hún verður einnig á svæðinu þar og margt sem þarf að huga að.

Í febrúar erum við líka að fara af stað með þróunavinnu við minjagripi og munum ráða til okkar fólk við það. Það er því ýmislegt að gerast hjá okkur héra.



## ● Innlit til Theresu Wielgosz og Vals Richter á Ísafirði

# Skrifstofu og verslun breytt í íbúðarhús

Valur Richter, pípulagningamaður og meindýraeyðir á Ísafirði, býr við Aðalstræti ásamt konu sinni Theresu Wielgosz og dóttur þeirra Söndru Maríu. Húsið hefur Valur gert upp sjálfur en það var byggt árið 1919 og hefur gengt ýmsum hlutverkum í gegnum tíðina.

Jóhann Eyfirðingur rak þar verslun með kol, salt og útgerðarvörur á fyrri hluta síðustu aldar og frá árinu 1966 hefur það hýst hluta af starfsemi Pólsins hf. Raftækjaverslun Pólsins var á jarðhæðinni en á efri hæðinni var skrifstofuhúsnæði þar til Valur og fjölskylda festu kaup á húsinu síðastliðið vor. Nú býr fjölskyldan á efri hæðinni þar sem orðið hafa stórkostlegar breytingar.

„Á efri hæðinni eiga aðeins að vera svefnherbergi en ég á enn eftir að gera neðri hæðina upp. Þar verður stofa, þvottahús, bílskur, annað salerni og eldhús. Eldhúsið sem ég hef núna er til bráðabirgða. Vandasamasta verkið var að



Þar sem áður voru skrifstofur Pólsins er nú glæsilegt heimili þeirra hjóna Vals og Theresu.

smíða stígan sem nú leiðir hæðirnar saman. Þar sem gamli stígin var er nú baðherbergi. Herbergjunum hef ég lítið breytt en þar voru skrifstofurnar áður“, segir Valur.

Hann hefur unnið nánast dag og nótt við uppbyggingu

hússins frá því í apríl á síðasta ári. Enginn annar iðnaðarmaður hefur komið að verkinu.

„Það var pressa á okkur að geta flutt inn á efri hæðina og síðan þá hef ég bara verið að dunda mér við þetta. Það er heimikið eftir. Meðal annars

ætla ég að gera svalir út frá hjónaherberginu sem verða þá yfir bílskúrum“, segir Valur.

Íbúðin er björt og skemmtileg og hefur húsið tekið miklum breytingum frá því sem áður var. Mikil lofthæð er alls staðar í húsinu og því nýtt



Hjónaherbergi er nú þar sem áður var skrifstofa Sævars Óskarssonar framkvæmdastjóra Pólsins hf. Þar hefur Valur í hyggju að gera svalir út frá glugganum.

# Sæki orkuna og rómantíkina til Jökulfjarða

„Jökulfirðirnir er minn uppáhaldsstaður á landinu og þangað reyni ég að fara nokkrum sinnum á hverju sumri. Hesteyri, Krummavík og Höfði eru þeir staðir sem ég fer oftast til. Þangað sæki ég orkuna, kraftinn, hvíldina og rómantíkina. Að vera þar sem er ekkert símasamband og borða

þegar maður vill og sofa þegar maður vill sofa er yndislegt. Maður gjórsamlega endurnærir við nokkurra daga dvöl. Það er mismikið eftir sumrum hversu oft ég fer til Jökulfjarða en ég hef farið þangað árlega alveg frá því að ég var lítil stelpa,“ segir Pálína Vagnsdóttir.



## Gáði ekki til veðurs

Koma Júlíusar Geirmundssonar ÍS 270 til Ísafjarðar í desember 1972, fyrsta skuttogarans með því nafni, markaði upphaf skuttogaravæðingar á Vestfjörðum. Þóttu þessi skip stór og mikil miðað við þau sem fyrir voru.

Eitt sinn fyrsta veturinn kom Júlíus Geirmundsson í land í miklu norðaustan óveðri með stórsjó, brunagaddi og blindhríð. Kokkurinn, Kjartan heitinn Brynjólfsson, ævinlega kallaður Daddi brasi, kom í Finnsbúð í Hafnarstræti á Ísafirði. Þar var við afgreiðslu Finnur heitinn Magnússon kaupmaður. Finnur spurði hvort ekki hefði verið óskaplegt veður á landleiðinni.

Daddi brasi svaraði að bragði: Ég bara veit það ekki, ég fór ekkert upp.



Svona leit húsið út í júní á síðasta ári.



Tveimur mánuðum síðar hafði Valur breytt ásýnd hússins svo um munar.

gólfrýmið mjög vel, einnig undir súð. Í loftinu hafa upprunalegu burðarbitarnir fengið að halda sér og er víðurinn mjög áberandi, bæði er nýtt parket á gólfum og panill á veggjum og fyrir vikið verður íbúðin mun hlýlegri. Veidigripir Vals prýða veggina og gefa heimilinu skemmtilegan blæ. Valur sá um allt sjálfur, allt frá pípulögnum til vegglista. Einnig hefur húsið verið tekið í gegn að utan og hefur Valur reynt að færa það sem mest til upprunalegs útlits.



Mikil lofthæð er í húsinu jafnvel undir súð.



Eins og sjá má er breytingin ótrúleg og allt hefur Valur unnið sjálfur upp frá grunni. Þá skar hann bogann í vegginn sem setur mikinn svip á efri hæðina. Myndin var tekin í lok apríl á síðasta ári.



Vandasamasta verkið var smíði stigans



Valur í skinnherberginu þar sem hann geymir veiðiföng sín. Byssur hans eru geymdar á öruggum stað í peningaskápnunum sem sest hér í horninu en hann keypti Valur nýlega í þeim tilgangi.

## Sportíð í beinni

- Sýn:**  
*Míðvikudagur 26. janúar:*  
 Kl. 19:50 – Enski bikarinn: Man. Utd. – Chelsea.
- Laugardagur 29. janúar:*  
 Kl. 12:15 – Enski bikarinn: Southampton – Portsmouth  
 Kl. 14:50 – Enski bikarinn: Derby – Fulham.  
 Kl. 16:55 – Enski boltinn: Man. Utd – Middlesbrough  
 Kl. 20:25 – Spænski boltinn: Sevilla – Barcelona  
 Kl. 02:00 – Hnefaleikar: Arturo Gatti – JJ Leija

- Sunnudagur 30. janúar:*  
 Kl. 13:35 – Enski bikarinn: Oldham – Bolton  
 Kl. 15:35 – Enski bikarinn: Chelsea – Birmingham  
 Kl. 17:50 – Spænski boltinn: Numancia – Real Madrid

- Canal+ Norge:**  
*Laugardagur 1. janúar:*  
 Kl. 12:45 – Enski boltinn: Liverpool – Chelsea.  
 Kl. 15:00 – Enski boltinn: Charlton Athl. – Arsenal.

- Canal+ Sport:**  
*Laugardagur 1. janúar:*  
 Kl. 15:00 – Enski boltinn: Tottenham – Everton  
 Kl. 17:30 – Enski boltinn: Middlesbr. – Man. Utd.

- Kirkja**  
 Fjölskyldumessa verður í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 30. janúar kl. 11:00.

## Lögreglan

**Aðfaranótt** laugardags var lögreglu tilkynnt um áflog í gleðskap í íbúð á Ísafirði. Þegar þangað var komið var sá er árásinni olli á bak og burt. Hann er grunaður um að hafa valdið húsráðendum tjóni á innanstokksmunum.

**Sömu nótt** handtók lögreglan ungan mann við mannlausa bifreið sem stóð á miðri akbrautinni í Krók á Ísafirði. Maðurinn er grunaður um að hafa tekið bifreiðina ófrjálsri hendi og ekið henni undir áhrifum áfengis. Maðurinn gaf mjög svo einkennilegar skýringar á veru sinni við bifreiðina. Hann var færður í fangaklefa.

**Aðfaranótt** sunnudags gisti einn ölvaður maður fangageymslu eftir að hafa verið ölóður á veitingastaði í Bolungarvík.



**Orkubú Vestfjarða kynnti nýja gjaldskrá í kjölfar breytinga á rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja**

# Hækkar raforkureikningur heimila á Vestfjörðum um 60-70 milljónir?

Leiða má líkur að því að þær breytingar sem Orkubú Vestfjarða kynnti á gjaldskrá sinni í kjölfar breytinga á rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja muni kosta heimili á Vestfjörðum um 60-70 milljónir króna á ári. Svo sem margt kom fram í kynningu á hinum nýju lögum var talið að raforkukostnaður myndi aðeins breytast lítils háttar. Þessar breytingar eru komnar til

vegna breytinga á lögum um rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja. Helstu breytingarnar eru þær að raforkudreifingin var skilin frá framleiðslu og sölu.

Við kynningu á breyttu lagaumhverfi kom margt fram m.a. frá Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra að raforkuverð myndi ekki taka miklum breytingum þar sem enginn nýr kostnaður yrði til í raf-

orkukerfinu við þessar skipulagsbreytingar.

Samt sem áður telja orkufyrirtækin sig knúin til þess að gera töluverðar breytingar á sínum gjaldskrá m.a. vegna túlkunar Orkustofnunar á hinum nýju lögum. Eins og kom fram í fréttum í gær hækkar rafhitt húsa í dreifbýli umtalsvert. Samkvæmt tölum frá Orkubú Vestfjarða eru heildar raforkureikningur heimila í

dreifbýli sem hituð eru með rafmagni hækka um allt að 50%. Í þéttbýli á Vestfjörðum er samsvarandi hækkun um 12-14%. En hvað leggst mikill kostnaður í heild á heimili á Vestfjörðum við þessar skipulagsbreytingar sem ekki áttu að kalla fram nýjan kostnað í raforkukerfinu?

Samkvæmt upplýsingum frá Orkubú Vestfjarða eru 350 heimili í dreifbýli hituð með

raforku og um 2.200 heimili í þéttbýli. Með lauslegum útreikningum má því ætla að heimili á Vestfjörðum þurfi að bera um 60-70 milljónir króna í aukinn raforkukostnað á ári vegna þessara skipulagsbreytinga. Er það um 8-9 þúsund krónur á hvert mannsbarn í fjórðungnum. Það skal skýrt tekið fram að þarna er einungis um að ræða lauslega áætlun. Þessi aukni kostnaður verður

staðreynd ef ekki koma til ráðstafanir stjórnvalda til þess að draga úr áhrifum þessarar hækkunar eins og stjórn Orkubúsins benti á í samþykkt sinni á dögunum.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra er í fríri erlendis og því hefur ekki verið hægt að ná sambandi við hana. Sjá nánar frétt bls. 5 sem og viðtal við sveitarstjóra Súðavíkurhrepps.

– hj@bb.is



Steingrímur Einarsson með veiðihjólið.

## „Wish“ fer í dreifingu

Stangveiðihjólið „Wish“ sem hannað er og framleitt á Ísafirði fer í dreifingu í vor. „Við framleiðum í það minnsta 150 stykki, en þau eru öll meira og minna pöntuð fyrirfram“, segir Steingrímur Einarsson, rennismiður og fiskeldisfræðingur sem unnið hefur að hönnun og smíði hjólsins í félagi við þá Jóhann Jónasson og Albert Högnason hjá 3X-Stáli. „Hjólin verða öll seld innanlands til að byrja með. Það fer eftir viðtökum hvort og þá hversu mikið meira verður framleitt. En þetta er þó orðið að veruleika núna.“ Á þriðja tug hjóla þessarar gerðar voru í reynslu hjá veiðimönnum á Íslandi og víðar síðastliðið sumar og gáfust vel. – halfdan@bb.is



**Kvöldstemning við Sundahöfn**

**Dr. Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði**

# Líkir stöðu háskólauppbyggingar á Vestfjörðum við niðurlægingu

Dr. Ólína Þorvarðardóttir skólameistari Menntaskólans á Ísafirði og stjórnarformaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða líkir því sem er að gerast í háskólauppbyggingu á Vestfjörðum við niðurlægingu. Þetta kemur fram í grein sem hún ritar á bb.is undir yfirskriftinni „Fjallið tók jóðsótt-fæddist mús“. Í greininni fjallar hún um þá umræðu sem fram hefur farið um uppbyggingu háskólamenntunar á Vestfjörðum að undanförmu. Hún segir að það

eina sem ákveðið hefur verið að gera sé koma á fót einu stöðugildi inni í Þróunarsetri Vestfjarða sem eigi að heita Þekkingarsetur. Það stöðugildi eigi að sinna því sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur áður sinnt um langt árabil. Staðbundin háskólakennsla gæti „jafnvel“ komið „í fyllingu tímans“.

Þá rekur hún það nefndastarf sem farið hefur fram um málið og kallar það nefnda-hringekju. Hún segir einnig að í nýjum tillögum sé verið að



Ólína Þorvarðardóttir.

byrja á öfugum enda því þar eigi þekkingarumhverfið og rannsóknarstarfið að koma fyrst og svo megi athuga með kennsluþáttinn síðar. Hún rekur þær hugmyndir sem fram hafa komið um tímabundna háskólakennslu við Menntaskólann á Ísafirði og hugmyndir Kristins H. Gunnarssonar um stofnun háskóla.

Í lok greinar sinnar segir Ólína: „Það væri hinsvegar afleiðing af þetta mikilvæga mál ætti að standa og falla með því hvaða afstöðu menn taka til

útfærslunnar. Aðalatriðið er þetta: Það má ekki dragast lengur að koma upp staðbundinni kennslu á háskólastigi á Vestfjörðum. Vestfirsk ungmenni eiga að geta staðið jafnfætis ungmennum í öðrum landshlutum þegar kemur að möguleikum til menntunar. Hvers vegna? Vegna þess að menntun er mannréttindi og uppbygging háskólans er eitt brynasta velferðar- og byggðamál okkar Vestfirðinga eins og sakir standa.“ – hj@bb.is